

REYNIR PORLEIFSSON
Eldar oftast ýsu
fyrir erlenda gesti

• matur
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



ELEKTRA
Erum ólíkar
en filum hver aðra

FÖSTUDAGUR
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



LILJA PÁLMAÐÓTTIR
Hof tilnefnt til virtra
arkitektúrverðlauna

Húsið vekur athygli ferðamanna
FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. febrúar 2009 – 39. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Eykur samheldni



Menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti er nú í fullum gangi. Heiðursgestir þetta árið eru Vestmannaeyingar.

TÍMAMÓT 20

Óvænt kynning

Tónlist Jóhanns Friðgeirs Jóhannssonar spiluð á súpuveitingahúsum í Japan.

FÓLK 28



Grænlenst reggi til Íslands

Liima Inui verður lokaatriði Vetrarhátíðar í Reykjavík á laugardagskvöld.

MENNING 27


Örvhentur Guðjón Valur



Hinn efnilegi Finnur Ingi Stefánsson er sagður vera örvhent útgáfa af Guðjóni Val Sigurðssyni.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



FROSTLAUST Í dag verða suðaustan 5-13 m/s, hvassast sunnan til og vestan. Rigning eða skúrir en hætt við éljum norðan- og austanlands. Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4



KÓLABIRNINUM SAM BORGID Unnið er að björgun dýra úr skógareldunum miklu sem geisa í suðausturluta Ástralíu. Meðal annarra dýrategunda sem eru í hættu eru pokarottur og eðlur. Talið er næsta víst að brennuvargar hafi kveikt eldana og forsætisráðherra landsins segir að þeir hafi framið fjöldamorð, enda hafa 166 manns látið lífið í eldunum. Í gær blossuðu upp eldar að nýju á sumum stöðum, eftir nokkuð rólega nótt þar á undan. Rok og mikill hiti torvelða slökkvistarfið.

NORDICPHOTOS/AP

Aðgerðasinnar ekki í ofbeldi

Beinar mótmælaaðgerðir eru sagðar komnar til að vera og að þær megi rekja til Kárahnjúkavirkjunar. Félagar í Saving Iceland kasti ekki grjóti í lögreglu.

MÓTMÆLI Ný tegund mótmæla, sem einkennist af beinum aðgerðum, er komin til að vera, segir Gísli Jökull Gíslason, lögreglumaður og ritstjóri Lögregluþingins. Þau eigi rætur að rekja til þess þegar Kárahnjúkavirkjun var mótmælt árið 2005 og síðar.

„Þá fengum við hóp sem ætlaði gagnert að stöðva framkvæmdir með beinum aðgerðum, þar sem eindreginn vilji kom fram til að hafa áhrif á gang mála,“ segir hann og stillir þessu upp á móti hefðbundnari mótmælum á Íslandi, svo sem mótmælastöðu við sendiráð.

Gísli Jökull vísar hér til þess þegar hópur erlendra náttúruverndarsinna kom til landsins til að mótmæla framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun. Þessi hópur „atvinnu mótmælenda“ blandaðist íslenskum mótmælendum. Á hverju ári hittist fólk svo í aðgerðabúðum að sumri til og Gísli segir að í hvert skipti hafi hlutfall Íslendinga í hópnum aukist jafnt og þétt.

„Íslenski Saving Iceland-hópurinn varð síðan mjög áberandi í fyrstu mótmælum Radda fólks-

ins á Austurvelli í október. Þessi hópur var ekki kominn til að hlusta á ræðurnar heldur fór að Alþingishúsinu og sýndi vanþóknun sína með einhverjum hætti,“ segir Gísli.

Aðgerðasinnar vilji vissulega láta hafa mikið fyrir sér, en þeir séu ekki þekktir fyrir að skemma og eyðileggja. „Það voru fíklar og þekktir ofbeldismenn sem köstuðu grjótinu. Þegar mótmælendurnir voru okkur lögreglumenn við Stjórnarráðið [22. janúar] og stöðvuðu grjótkastið, sá ég að sá sem stóð mér næst [meðal verjenda] var þekkt andlit úr Saving Iceland,“ segir hann.

Íslenskt ofbeldi gegn lögreglu í mótmælum sé svipað og í löndunum í kring: „Það er stundað af auðnuleysingum sem fara þangað þar sem er slagur, gagnert til að skemma og meiða,“ segir Gísli.

Sturla Böðvarsson, fyrrum forseti Alþingis, sagði nýlega á þingi að mikil umskipti hefðu orðið í íslenskum stjórnámálum og vísaði til mótmæla við þinghúsið. Sagðist Sturla vona að þau boðuðu ekki nýja síði í stjórnámálum. Þá væri voðinn vís.

- kób

Menntun seðlabankastjóra víða um heiminn:

Nær allir hagfræðingar

VÍÐSKIPTI Af 38 seðlabankastjórum víða um heim eru bara tveir sem ekki eru með framhaldsmenntun í hagfræði. Það er í Lúxemborg og Frakklandi. Hvorugur bankinn er með sjálfstæða peningastefnu því báðir heyra undir Seðlabanka Evrópu.

Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, er með

meistarapróf í hagfræði. Hér er Ingimundur Friðriksson með meistarapróf í þjóðhagfræði, Eiríkur Guðnason með próf í viðskiptafræði og Davíð Oddsson í lögfræði. Frumvarp til nýrra laga um Seðlabankann gerir ráð fyrir að krafist verði framhaldsmenntunar í hagfræði í embætti seðlabankastjóra.

- óká / sjá síðu 16

Óeining eða ákvörðunarfælni segir oddviti minnihlutans í borgarstjórn:

Tónlistarhúsið enn í biðstöðu

FRAMKVÆMDIR Ekki fékkst niðurstaða í borgarráði í gær um hvort og þá hvenær framkvæmdir við Tónlistarhúsið hefjast að nýju. Búist hafði verið við að málið yrði útkljáð á fundinum.

Júlíus Vífil Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir líklega boðað til aukafundar í næstu viku.

„Maður spyr sig hvort óeining í meirihlutanum eða ákvörðunarfælni valdi því að þetta dregst,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar. „Látið var í veðri vaka að tófin væri vegna ástandsins í landspólítíkinni og því nokkuð undarlegt að meirihlutinn sé ekki tilbúinn þegar ríkisstjórnin klárar málið

af sinni hálfu.“ Ríkisstjórnin afgreiddi málið síðasta þriðjudag. Ekki náðist í Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra í gærkvöld þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Framkvæmdir við Tónlistarhúsið eru því enn í biðstöðu en hundruð manna unnu við húsbýgginguna þegar framkvæmdum var hætt fyrir áramót.

- jse, pbb




Sumarbæklingur
Heimsferða
er kominn út

www.heimsferdir.is

Opið allan sólarhringinn á ...

SUBWAY

N1 Ártúnshöfða
N1 Hringbraut



Fréttablaðið er með 97%
meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðalrestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið
18-49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2008 - janúar 2009.

SPURNING DAGSINS



Sigurður, kom kengúran mönnum spánskt fyrir sjónir?

„Nei, menn fara nú ekkert í keng út af svona löguðu.“

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfréttamaðurur er stjórnarmaður í Félagi íslenskra húseigenda á Spáni. Á ársráði félagsins sem haldin var um síðustu helgi var kengúrukjöt á boðstólum.

Fjárþröng lögreglunnar:

Ráðherrar hafa rætt vandann

STJÓRN MÁL „Við dómsmálaráðherra höfum aðeins stungið saman nefjum og við munum fara betur yfir málið,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um fjárhagsvanda lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að aukakostnaður lögreglu vegna mótmælanna í desember og janúar nemur á fimmta tug milljóna.

Steingrímur kveðst ekki geta svarað því hvort þessum viðbótarkostnaði verði mætt með aukaframlögum. „Fjárukalög eru ekki á dagskrá í tíð þessarar ríkisstjórnar þannig að það er í höndum nýrrar stjórnar og Alþingis á vörþingi að takast á við það.“ - bps

Skipta upp starfseminni:

Penninn semur við lánardrottna

VIÐSKIPTI Penninn á í viðræðum við nýja Kaupþing og fleiri banka um endurskipulagningu á fjármögnun hans og féлага undir fyrirtækinu. Viðræðurnar hafa staðið yfir síðan í lok síðasta árs.

Pennanum tengjast meðal annars bóka- og ritfangaverslanirnar Mál og menning, Eymundsson og Griffill. Einnig Te og kaffi, Habitat, Saltfélagið og fyrirtæki erlendis.

Unnið er að því að skipta erlendum hluta rekstursins frá hinum innlenda, en stærri hluti skuldanna mun liggja á þeim erlenda. Viðræðurnar munu ekki snúast um að fyrirtækið verði tekið yfir eða að núverandi eigendur hverfi frá rekstrinum. - kóp

Fiskikóngurinn kemur fólki til hjálpar í kreppunni:

Gefur öllum kæsta skötu

FÓLK Kristján Berg, eigandi fiskbúðarinnar Fiskikóngurinn, gefur öllum sem leggja leið sína í verslun hans í dag kæsta skötu. Með þessu vill hann leggja sitt af mörkum í kreppunni. Nægar eru birgðirnar, því Kristján hyggst gefa 1,5 tonn af góðgætinu.

„Mér áskotnaðist þessi skata og datt í hug að gefa fiskinn þeim sem eru þurfaði. Ég vona að sem flestir komi og fái bita hjá mér, sérstaklega þeir sem hafa lítið á milli handanna. Ég vil síður að fólk komi í stórum drossum að ná sér í skötuna.“

Kristján segir að 1,5 tonn ættu að duga í máltíð fyrir um 4.000 manns. „Ef fleiri vinna svona góðverk þá komumst við áreiðanlega út úr kreppunni. Fyrst ein lítill fiskbúð getur gefið 4.000 manns í söðið þá hljóta fleiri að geta lagt hönd á plóginn.“

Fiskikóngurinn er við Sogaveg 3 og gestir og



GEFUR KÆSTA SKÖTU Kristján Berg gefur öllum þeim sem leggja leið sína í verslun hans, Fiskikónginn, kæsta skötu. Með því vill hann bregðast við kreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/

gangandi geta krækt sér í skötubita frá og með klukkan tíu í dag og á meðan birgðir endast. - kóp

Skýrsölu í Bretlandi frestað eftir hrunið

Mjólkursamsalan seldi 153 tonn af skyri til Bandaríkjanna í fyrra í gegnum fyrirtæki fyrrverandi forstjóra. Hann segir mikilli söluherferð í Bretlandi hafa verið frestað vegna slæmrar ímyndar Íslands eftir bankahrunið og Icesavemálið.


ÚTFLUTNINGUR Stórhuga áformum um sölu íslensks skýrs í Bretlandi var slegið á frest um óákveðinn tíma eftir hrun bankakerfisins í október.

„Við viljum fara varlega í löndum eins og Bretlandi af því að ég tel að ímynd Íslands og þar af leiðandi íslenskra vara hafi skaðast. En ég er líka þeirrar skoðunar að það fenni fljótt yfir mál af þessu tagi og að við ættum að geta komið inn með íslenska skýrið á þessa markaði seinni partinn á þessu ári,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Nýlands ehf., sem annast sölu erlendis fyrir Mjólkursamsöluna.

Að sögn Guðbrands er talsverður undirbúningur þegar að baki vegna fyrirhugaðrar sölu á skyri í Bretlandi. Ætlunin sé að nýta 380 tonna tollfrjálsan kvóta fyrir sölu á skyri sem samið hafi verið um við Evrópusambandið árið 2007.

„Við unnum mikið í því í fyrra sumar og fyrrahaust að undirbúa að setja þetta á breska markaðinn. Það var unnið mikið starf við að tengja skyrið við íslenska upprunann og við settum fram slagorð sem tengdu skyrið vel við Ísland. En þá varð bankahrunið og Icesave-málið og við settum þessi áform til hlíðar í ljósi aðstæðna,“ útskýrir Guðbrandur.

Guðbrandur, sem áður var for-



GUÐBRANDUR SIGURÐSSON

stjóri Mjólkursamsölu, er annar tveggja eigenda Nýlands sem frá miðju síðasta ári hefur haft tveggja ára samning um að annast útflutning fyrir Mjólkursamsöluna. Skýr hefur verið flutt út til Bandaríkjanna frá árinu 2005. Útflutningurinn þangað nam um 153 tonn um í fyrra og fyrir það festungum 75 milljónir króna samkvæmt tölum Hagstofunnar. Magnið var svipað árið 2007.

„Við erum að vonast til að sjá aukningu inn á bandaríska markaðinn á þessu ári og vonumst til að geta sýnt líka töluverða aukningu



ÍSLENSKT SKÝR Í BANDARÍSKRI BÚÐARHÍLLU Hið séríslenska skýr á að ná fótfestu beggja vegna Atlantsála og styrkja þannig grundvöll íslensks mjólkuriðnaðar.

inn á markaðinn í Evrópu þannig að við förum að nýta þennan kvóta sem við eigum fyrir skýr inn á þessum markaðssvæði,“ segir Guðbrandur sem telur íslenskan mjólkuriðnað eiga góð sóknarfæri í útflutningi. Hann bendir á að þegar sé flutt út umtalsvert magn af undanrennu-dufti og smjöri.

„Ég er alveg sannfærður um það, ef við höldum rétt á málum og náum að styðja við markaðssetninguna í sérvöru eins og skyrinu, að hægt sé að byggja upp nokkuð góða markaði til lengra tíma lítið.“

gar@frettabladid.is

Jóhanna Sigurðardóttir:

Peningastefnan kannski í nefnd

STJÓRN MÁL Vel getur verið að ríkisstjórnin skipi nefnd til að fjalla um breytingar á peningastefnunni.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að fyrsta skrefið í breytingu á málefnum Seðlabankans og peningamála sé endurskipulagning yfirstjórnar bankans. Umfjöllun um peningastefnuna geti komið í kjölfarið.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um Seðlabankann hefur hlotið margháttaða gagnrýni og meðal annars hefur verið spurt hvers vegna ekki sé hróflað við stefnu yfirvalda í peningamálum. - bps



FORSETINN KÁTUR Obama útskýrir björgunaraðgerðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efnahagsaðgerðir Obama:

Lokaafgreiðsla þingsins í dag

BANDARÍKIN, AP Efnahagsráðstafnir Baracks Obama Bandaríkjaforseta eru að ljúka ferð sinni í gegnum Bandaríkjaþing. Lokaafgreiðsla verður væntanlega í dag og þá fer frumvarpið til forsetans til staðfestingar.

Samkomulag náðist í báðum þingdeildum á miðvikudag um skattalækkningar og ríkisútgjöld til bjargar efnahagslífinu, sem kosta eiga ríkissjóð 789 milljarða dala.

Obama fagnaði samkomulaginu og sagði það „bjarga eða skapa meira en 3,5 milljónir starfa og koma efnahagslífi okkar aftur í gang.“ - gb

Náttúruhamfarir vestra:

Mannskæður skýstrókur

BANDARÍKIN, AP Átta manns létu lífið og nokkrir slösuðust alvarlega þegar skýstrókur fór yfir smábæinn Lone Grove í Oklahoma á þriðjudagskvöld.

Íbúar bæjarins eru harmi slegnir eftir atvikið og er eyðileggingin á svæðinu mikil. Byggingar og önnur mannvirki urðu illa úti og unnu hjálparstarfsmenn langt fram á nótt við leit að fólki í rústunum.

Skýstrókurinn er einn af nokkrum sem gengið hafa yfir Oklahoma í þessum mánuði og telst það óvenjulegt á þessum slóðum þar sem skýstrókur eru algengastir á vorin. - gde

Áfangi að sáttum stjórnmalafylkinga í Simbabwe er Mugabe opnar á þjóðstjórn:

Tsvangirai forsætisráðherra

SIMBABVE, AP Robert Mugabe Simbabweforseti skipaði á miðvikudag erkikeppinaut sinn, Morgan Tsvangirai, forsætisráðherra nýrrar þjóðstjórnar. Þykja þetta mikil tímamót eftir nær þrjátíu ára óslitna valdatíð Mugabe, sem einkum og sér í lagi hin síðari ár hefur einkenst af algeru geðþótta-einræði með tilheyrandi kúgun og misbeitingu valds.

Þrýst hefur verið á Mugabe að víkja alveg frá völdum, en hann hefur ekki gefið neitt annað til kynna en að hann hyggist sitja sem fastast enn um sinn.

Mugabe, sem nýlega lýsti því yfir að hann „ætti“ Simbabwe, gekk lengra í að koma til móts við kröfur stjórnarandstöðunnar en flestir höfðu búist við.

Eftir stutta embættistökuathöfn í garði forsetabústaðarins í Harare tjáði Tsvangirai fjölmiðlum,



SÖGULEGAR SÆTTIR Morgan Tsvangirai, t.v., sver embættiseiðinn fyrir framan Robert Mugabe, forseta Simbabwe, í Harare. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að hann vissi að margir væru „ortryggir“ út í þetta fyrirkomulag. En þetta er eina færa leiðin. Ég skora á landsmenn að sýna þolinmæði og gefa okkur tíma.“

Efnahagur Simbabwe, sem á árum áður stáði af einum bestu

lífskjörum Afríku, er ein rjúkandi rúst. Stór hluti íbúanna er algerlega háður matargjöfum alþjóðlegra hjálparstofnana og kóleru-faraldur hefur orðið minnst 3.400 manns að aldurtíla síðan í ágúst.

- aa

Fiskikóngurinn

ÝSUFLÖK
690,- KR.KG

Tilboðið gildir aðeins í dag, föstudag.

Sjósiginn Fiskur, Kinnar, Gellur og að sjálfsögðu Skatan góða!!

Fiskikóngurinn er
Fiskverslun sem gaman er að koma í :)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



Með bílinn handa þér



LÆKKUN Á LÍNUNA Í TAKMARKAÐAN TÍMA



Hyundai i10

5 dyra, bensín og beinskiptur.
Áður kr. **1.880.000**

1.390.000*



Hyundai i30

5 dyra, bensín og beinskiptur.
Áður kr. **2.960.000**

2.290.000*



Hyundai Tucson

5 dyra, bensín og beinskiptur.
Áður kr. **3.810.000** *4x4*

2.760.000*



Hyundai Santa Fe

5 dyra, bensín og sjálfskiptur.
Áður kr. **5.300.000** *4x4*

3.780.000*

**GÓÐ
KAUP**

**HYUNDAI bílar bíla minna
en flestir aðrir bílar****



HYUNDAI

www.hyundai.is

* Þetta verð miðast við að gengi evru sé 145 kr. og breytt með gengi evrunnar. B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. **Hringdu til okkar og fáðu nánari upplýsingar um þessa fullyrðingu

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,72 115,26
Sterlingspund	162,74 163,54
Evra	146,97 147,79
Dönsk króna	19,717 19,833
Norsk króna	16,752 16,85
Sænsk króna	13,607 13,687
Japanskt jen	1,2731 1,2805
SDR 170,82 171,84	

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
182,1994
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðuneytinu barst í gær umsögn AGS um seðlabankafrumvarpið:

Vilja skýr ákvæði um brottrekstur

STJÓRN MÁL Forsætisráðuneytið birti í gær umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um frumvarp um breytt skipulag Seðlabanka Íslands. Umsögnin var send fjölmiðlum, með þeim orðum úr ráðuneytinu að hún yrði birt í íslenskri þýðingu svo fljótt sem kostur væri.

Bráðabirgðaumsögn barst ráðuneytinu um síðustu helgi, en forsætisráðherra fór fram á að trúnaði yrði aflétt af henni.

Umsögnin er tvíþætt. Annars vegar eru tíundaðar nokkrar „almennar reglur um seðlabankalöggjöf“, en þær eru greinilega settar fram sem athugasemdir við fyrirleggjandi frumvarp.



SEÐLABANKINN AGS sendi ríkisstjórninni um helgina umsögn vegna breytinga á Seðlabankanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Hins vegar er rakin gagnrýni á gildandi lög um Seðlabanka Íslands. Sú gagnrýni virðist vera sett fram sem ábending um hvaða

þáttum hið nýja frumvarp ætti fyrst og fremst að beinast að, til að væntanleg ný seðlabankalög verði framfær, með tilliti til þess sem sérfræðingar AGS telja að reynsla annarra landa hafi sýnt að sé affarasælast. Þá er í viðhengi birt samantexti yfir seðlabankalöggjöf ýmissa landa.

Meðal atriða sem sett eru fram sem gagnrýni á frumvarp ríkisstjórnarinnar er að ekki sé vani að tilgreina nákvæmlega hvaða prófgráðu seðlabankastjóri skuli hafa. Þá er lögð áhersla á nauðsyn þess að skýr ákvæði séu um það hvernig farið skuli að við að svipta seðlabankastjóra embætti.

- aa

Lieberman tekur ákvörðun:

Gefur ekki upp hug sinn strax

ISRAEL Avigdor Lieberman, leiðtogi ísraelska hægriflokksins Yisrael Beiteinu, sagðist hafa gert upp hug sinn varðandi það, hvort hann vilji heldur sitja í stjórn með Tzipi Livni, leiðtoga Kadima, eða Benjamin Netanyahu, leiðtoga Likud. Hins vegar vill hann ekki gefa upp afstöðu sína strax.

Meir Sheerit, innanríkisráðherra í fráfarandi ríkisstjórn, lýsti því síðan yfir í gær að Kadima myndi ekki ganga í stjórn með Likud. Sheerit sagðist vel geta hugsað sér að Kadima-flokkurinn færi í stjórnarandstöðu.

- gb

Ráðuneytisstjóri í leyfi út apríl: Ráðuneytið má leita til Bolla

STJÓRNSÝSLA Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, sem er í leyfi frá störfum til 30. apríl, gegnir ekki tilgreindum verkefnum í leyfinu.



BOLLI ÞÓR BOLLASON

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra óskaði eftir að Bolli færi í leyfi enda vildi hún starfa með ráðuneytisstjóra sem hún þekkir vel og hefur unnið með. Sagði hún Bolla sinna sérverkefnum í leyfinu.

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu eru verkefni ekki skilgreind en um var samið að ráðuneytið mætti leita til Bolla, til dæmis vegna verkefna sem tengjast Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og örorkumálum.

- bps

Hæstiréttur Íslands:

Manndrápsdómur þyngdur

DÓMSMÁL Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir manni sem af gáleysivöldum hafði orðið tveimur að bana í umferðinni. Hæstiréttur dæmdi hann í níu mánaða fangelsisdóm, þar af sex skilorðsbundna. Hann hafði verið dæmdur í sex mánuði í héraðsdómi.

Þykir sýnt að maðurinn hafi ekið á ofsahræða og farið yfir á rangan vegarhelming þegar hann lenti í árekstri við bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður og farþegi þeirrar bifreiðar létust. Dómarar tóku tillit til ungs aldurs mannsins, að hann hafi ekki gerst sekur áður. Þá hafi hann sjálfur hlotið töluverðan áverka í slysinu.

- jse

Karpað um vinnslu- hraða ríkisstjórnna

Ráðherrar segja ákvarðanafælni, hægagang og aðgerðaleysi hafa einkennt fyrri ríkisstjórn. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins eigna sér góð verk núverandi stjórnar.

ALÞINGI Þingmenn allra flokka á Alþingi eru sammála um helstu forgangsverkefni næstu vikur og mánuði. Þau lúta að því að endurreisa bankakerfið, koma hjólum atvinnulífsins af stað, bregðast við atvinnuleysinu, verja heimilin gjaldþroti, ná verðbólgunni niður og lækka vexti.

Ekki er að merkja ágreining milli flokka um hvaða leiðir skuli farnar. Í það minnsta kom hann ekki fram í umræðum um efnahagsmálin á Alþingi í gær.

Þar skiptust menn á að lýsa hve ástandið væri slæmt og hve mikilvægt væri að bregðast við. Þvinginn í umræðunni snerist hins vegar um kosti og galla ríkisstjórnna. Sjálfstæðismenn segja núverandi stjórn hafa gert eitt og annað gott en það sé meira eða minna afrakstur verka sem þeir settu af stað. Því eru núverandi ráðherrar ósammála.

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hvatti ríkisstjórnina til að halda fast við áætlun þá er samdist um við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hann fagnaði tillögum nefndar Mats Josefsson um endurreisn bankakerfisins og minnti á að það var hann sem fékk Mats til starfa. Þá harmaði hann að ríkisstjórnin hefði „stuggað“ við formönnum bankaráða Glitnis og Kaupþings.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði ákvarðanafælni hafa einkennt sjálfstæðismenn í fyrri ríkisstjórn. Hraðsla þeirra hafi komið í veg fyrir endurskipulagningu Seðlabankans og framgang annarra mála. Sagði hún margt í bigerð og upplýsti að unnið væri af fullum krafti samkvæmt



Á ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ræða málin á Alþingi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra furðaði sig á að Sjálfstæðisflokkurinn hefði meiri áhyggjur af högum nokkurra flokksgæðinga en atvinnuleysi þúsunda. Sagði hann ríkisstjórnina hafa gert meira á tíu dögum en fyrri ríkisstjórn gerði á nokkrum mánuðum. Þá gaf hann í skyn að forveri hans í ráðuneytinu, Árni M. Mathiesen, hefði setið með hendur í skauti allan janúarmánuð.

Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum, fullyrkti að ríkisstjórnaskiptin hefðu tafið mjög framgang mála á Alþingi og að ný ríkisstjórn hefði ekki annað á dagskrá sinni en að skoða mál og athuga.

Birkir Jón Jónsson, varaformaður Framsóknarflokksins, hvatti til samvinnu í þinginu enda krefjist almenningur þess að stjórnsmálmennt standi nú saman sem einn maður.

bjorn@frettabladid.is



ÞJÓÐARSKÚTAN Hér eru Víkurvagnsmennirnir Sveinn Rúnar Þórarinnsson og Jóhannes með Þjóðarskútuna áður en hún lagði á Smáramið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðarskútan aflar vel:

Milljón krónur í fyrsta túr

SAMFÉLAGSMÁL „Þjóðarskútan er komin af Smáramiðum með fullfermi, eða rúma milljón, sem fer beint til Mæðrastyrksnefndar,“ segir Jóhannes V. Reynisson hjá Víkurvögnum en þeir Víkurvagnsmenn voru að opna Þjóðarskútuna, svokölluðu, í fyrradag en þá hafði hún verið í Smáralind í 58 daga.

Í nóvember ákváðu þeir að smíða skútu sem í raun er stór baukur og hafa gestir Smáralindar verið örlátir á aurinn. „Við erum afskaplega þakklátir fyrir rausnarskap gestanna og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar, var ekki síður ánægð og þakklát þegar komið var með aflann,“ segir Jóhannes. Hann segir ekki víst hvert á mið þjóðarskútan haldi næst.

- jse

Þrengir að vestan hafis:

Metatvinnuleysi í Ameríku

VIÐSKIPTI Eitt hundrað þúsund einstaklingar misstu vinnuna í Bandaríkjunum í síðustu viku janúar og mældist atvinnuleysi 7,6 prósent, samkvæmt tölum sem bandarísk yfirvöld birtu í gær.

4,8 milljónir manna voru án atvinnu en þeir hafa ekki verið fleiri í sextán ár.

- jab

25% AFSLÁTTUR
Lakkrís + Classic

SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholt 50b • 105 Reykjavík

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	15°
Amsterdam	5°
Basel	1°
Berlin	0°
Billund	2°
Eindhoven	5°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	18°
London	7°
New York	9°
Orlando	26°
Osló	-4°
Paris	5°
Róm	9°
Stokkhólmur	-1°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

HELGIN
Ágætar veðurhorfur eru fyrir morgundaginn. Hæglatísveður og úrkomulítið víðast hvar og hiti á láglendi um eða yfir frostmarki. Helst er að sjá úrkomumerki með vestanverðu landinu og allra austast og þá yfirleitt skúrir eða él. Á sunnudag kemur lægð með hlýndi. Má þá búast við rigningu sunnan til og vestan, jafnvel slyddu nyrðra annars úrkomulítið.

Á MORGUN
Hæg breytileg átt.

SUNNUDAGUR
3-13 m/s stífastur vestan til.

Dagur elskenda um helgina!

OPIÐ
til **20**
alla daga

42%
afsláttur
við kassa



ÍSLENSKT
NAUTAFILLE
1.971 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-



41%
afsláttur
við kassa



1.769 kr/kg
Merkt verð 2.998.-



499 kr/pk
Merkt verð 749.-



30%
afsláttur
við kassa

1.259 kr/kg
Merkt verð 1.798.-



42%
afsláttur
við kassa

1.969 kr/kg
Merkt verð 3.395.-

Kjúklíngabringur ferskar

Hamborgarar 4 stk. með brauði

Íslenskt ungnautahakk aðeins 3% fita

Andabringur



20%
afsláttur
við kassa

Abt mjólkurvörur 6 tegundir



40%
afsláttur

399 kr/stk.
Verð áður 689.-

Ítalía ólífuolía 500 ml



40%
afsláttur

299 kr/stk.
Verð áður 539.-

Eplalengjur nýbakaðar



149 kr/stk.
Verð áður 219.-

Egils Kristall Mexican Lime 2 ltr.



40%
afsláttur

199 kr/stk.
Verð áður 379.-

Engjabrauð nýbakað



40%
afsláttur

199 kr/stk.
Verð áður 339.-

Ítalía kirsuberjatómatar í ólífuolíu

OPIÐ
allan sólarhringinn
í Skeifunni

24
Skeifan

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Gildir til 15. febrúar eða á meðan birgðir endast.



Telur þú að fólk eigi eftir að fjölga á landsbyggðinni á næstunni?

Já	72%
Nei	28%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að fækka ferðum strætisvagna í kreppunni?

Segðu þína skoðun á vís.is



Bandaríska fréttatímaritið Time um Davíð Oddsson seðlabankastjóra:

Sagður einn aðalsökudólgja hrunsins

EFNAHAGSMÁL Davíð Oddsson seðlabankastjóri er einn af 25 höfuðsökudólgjum heimskreppunnar, að mati bandaríska tímaritsins Time.

Meðal annarra á listanum má nefna Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna, Dick Fuld, fyrrverandi bankastjóra Lehman Brothers, Kathleen Corbet, fyrrverandi forstjóra lánshæfismatsfyrirtækisins Standard & Poor's, og „bandaríska neytandann“.

Í skýringum ritsins á vali Davíðs í þennan hóp segir að á þeim tveimur áratugum sem hann hafi farið með völd á Íslandi, fyrst sem

forsætisráðherra og svo sem seðlabankastjóri, hafi hann hleypt af stað „nýjum tímum frjálshyggju-hagfræði“, einkavætt þrjá stærstu banka landsins, sett gjaldmiðilinn á flot og talið sig vera að innleiða „gullöld frjáls framtaks“.

En síðan segir: „Úps. Þess í stað er Ísland skólabókardæmi um þjóðhagslegt hrun: Bankarnir þrír, sem voru skuldsettir upp fyrir haus, hafa verið teknir yfir af ríkinu, þjóðarframleiðsla gæti fallið um 10 prósent í ár og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur gripið inn í eftir að gjaldmiðillinn missti helming verðgildis síns. Dálageg tilraun.“



Á SAKAMANNABEKK Með greininni er birt tölvugerð mynd af Davíð sem sakamanni.

Viðtal á Sky-stöðinni:

Rússarnir keyptu Ísland

EFNAHAGSMÁL Rússar, Pútín og menn honum tengdir „keyptu“ Ísland til að þvo peninga, þar sem reglur þar væru öðruvísi en í ESB. Þessu var haldið fram í viðtali sjónvarpsstöðvarinnar Sky við Boris Berezovsky, sem er eftirlýstur fyrir fjárdrátt í Rússlandi.

Berezovsky minnti á lánið sem seðlabankastjóri tilkynnti um í október að kæmi frá Rússum, Íslendingum til aðstoðar. Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu, sem birt var í þættinum, sagði að Íslandi væru sömu reglur og í ESB og að Rússalánið hefði ekki verið afgreitt.

Líkja stöðu Tals við viðskiptaharmleik

Samkeppniseftirlitið íhugar að grípa til hertra aðgerða gegn Teymi, eiganda Vodafone, eftir fádæma harðorða greinargerð tveggja óháðra stjórnarmanna í Tali. Þeir hafa sagt sig úr stjórninni og kalla félagið „viðskiptalegan harmleik“.

SAMKEPPNISMÁL Tveir óháðir stjórnarmenn í Tali, skipaðir af Samkeppniseftirlitinu (SE), hafa sagt sig úr stjórninni. Mennirnir eru afar harðorðir í garð stjórnenda Teymis, sem á 51 prósent hlut í Tali, og kalla afskipti Teymis af félaginu „viðskiptalegan harmleik“ í tilkynningu um afsögnina.

SE úrskurðaði um það í síðustu viku að fulltrúar Teymis í stjórn Tals skyldu víkja úr stjórninni þar sem þeir hefðu beitt sér gegn samkeppnislegu sjálfstæði Tals. Þeirra í stað skipaði SE tvo óháða fulltrúa, sem eingöngu áttu að hafa hagsmuni Tals að leiðarljósi. Þeir voru Þórhallur Guðlaugsson og Hilmar Ragnarsson. Tvímenningsarnir sögðu sig hins vegar úr stjórninni á þriðjudag og eru ómyrkir í máli í greinargerð sem fylgir uppsögninni.

„Þessi stutta reynsla okkar af stjórnarsetu í IP-fjarskiptum [Tali] hefur verið með miklum ólíkindum. Aldrei áður höfum við kynnst eins miklum viðskiptasóðaskap á þeim tíma sem við höfum tengst viðskiptum, kennslu í viðskiptafræðum og rekstri félaga. Hafa þeir í huga að samanlögð reynsla okkar spannar vel yfir 50 ár. Af framansögðu sjáum við okkur því ekki annað fært en að segja starfi okkar sem stjórnarmenn í IP-fjarskiptum lausu eins og áður kemur fram. Okkur hefur verið bent á að með því að gera það séum við að láta Teymi komast upp með að bola stjórninni frá. Það er auðvitað undarlegt að taka þannig til orða, sérstaklega þegar haft er í huga að Teymi er meirihlutaeigandi í félaginu og ætti að vilja veg þess sem mestan. Það virðist hins vegar



ÚR TILKYNNINGU FRÁ TEYMI HF.

Teymi mótmælir harðlega fullyrðingum um að félagið hafi staðið óeðlilega að rekstri Tals. Fullyrðingar um að Teymi hafi hlutast til um verkefni stjórnar eftir að fulltrúar Samkeppniseftirlitsins tóku þar sæti séu stórlega orðum auknar. Afskiptin af stjórnarsetu þeirra fólust í áréttingu félagsins um að lögum væri fylgt.

Teymi lítur svo á að deilurnar séu spröttar af óánægju minnihluta-

eigenda því að samið hafi verið um það að þeir gætu selt hlut sinn á þessu ári á verði sem tæki mið af rekstrarárangri félagsins. Í ljósi breyttra aðstæðna er ljóst að verðmætið sé minna en að var stefnt. Deilan snúist því ekki um samkeppnislegt sjálfstæði.

Teymi neitar því að brottvísun fyrrverandi forstjóra Tals og ráðning nýs forstjóra hafi verið ólögleg.

fátt benda til þess að svo sé,“ segja þeir í greinargerðinni

Þórhallur og Hilmar segja að nokkrum sinnum Teymi hafi sýnt tilbúðri til að gera stjórnina óstarfhæfa, og að svo virðist sem Teymi hafi hagsmuni af því að halda stjórninni upptekinni af öðru en að vinna Tali gagn.

Þá segir í greinargerðinni frá þrefi lögmanns Teymis til Þórhalls, þar sem þess er krafist að Þórhallur víki úr stjórninni og óhlutdrægni

hans dregin í efa. „Sætir furðu hvernig einhverjum dettur í hug að í lagi sé að haga sér með þeim hætti sem efnisinnihald bréfsins ber með sér,“ segir í greinargerð tvímennsinganna.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, segir að í ljósi upplýsinganna sem fram koma í greinargerðinni íhugi SE nú að grípa til frekari aðgerða gegn Teymi, sem einnig á Vodafone, til að vernda samkeppnislegt sjálfstæði Tals.

stigur@frettabladid.is

Stjórnarflokkarnir styðja ekki frumvarp Framsóknarflokksins um stjórnlagabing:

Kostnaðurinn þykir of mikill

STJÓRNMÁL Frumvarp þingflokks Framsóknarmanna um stjórnlagabing nýtur ekki stuðnings þingflokka ríkisstjórnarflokkanna. Ríkisstjórnin mun leggja fram eigið frumvarp um málið og hefur skipað starfshóp til undirbúnings.

Skipan stjórnlagabings var ein af meginforsendum þess að Framsóknarflokkurinn veitti ríkisstjórninni stuðning sinn. Segir í verkefnaskrá hennar að lög verði sett um skipan og verkefni slíks þings.

Stjórnlagabingi er ætlað að gera breytingar á stjórnarskránni eða, eftir atvikum, semja nýja.

Fáum dögum eftir að ríkisstjórnin tók við völdum lagði Framsóknarflokkurinn fram ítarlegt frumvarp með langri greinargerð um stjórnlagabing. Það var ekki unnið í samráði við stjórnarflokkana. Í því er gert ráð fyrir að 63 sitji þingið



FORYSTA FRAMSÓKNARFLOKKSINS Stjórnlagabing er eitt skilyrða fyrir stuðningi við ríkisstjórnina.

sem starfi í allt að átta mánuði. Reiknað hefur verið út að kostnaður við þinghaldið, samkvæmt frumvarpi Framsóknar, kunni að verða yfir 200 milljónir króna.

Það er ekki síst sá mikli kostnaður sem fælist stjórnarþingmenn frá stuðningi við frumvarpið. Samkvæmt heimildum telja þeir of mikið í lagt.

- bps

Ástin er ódauðleg

Við hjá Einar Ben trúum á ástina, ástin er undirstaða velgengni og hamingju. Ástin er yndisleg en það er ekki hægt að snæða hana.



Frá fimmtudagskvöldi til laugardags kvölds býður veitingahúsið Einar Ben upp á glæsilegan og rómantískan kvöldverð, 5 rétta stolt matreiðslumeistarans og glas af freyðivíni á aðeins 5.900 kr. á mann.

Tilboðið gildir frá 12. til 14. febrúar

Einar Ben
RESTAURANT

Veltusundi 1/Sími: 511 5090
www.einaben.is



Framboð í trúnaðarstöður FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegis 12.03.2009

Reykjavík 13. febrúar 2009

Stjórn Félags rafeindavirkja

5125050

Auglýsingamáli



Sparaðu krónurnar

... verslaðu í Nettó!

43% afsláttur



KJÚKLINGABRINGUR, SKINNLAUSAR

1.699 kr/kg

~~2.975~~ kr/kg

ROASTBEEF VÖÐVI

1.667 kr/kg

~~2.778~~ kr/kg

GOÐI

40% afsláttur



30% afsláttur



GOÐI

PÍTA OG BUFF, 6 í pk.

699 kr/pk.

~~998~~ kr/pk.

LONG GRAIN HRÍSGRJÓN 500g

159 kr/pk.



KJÚKLINGASÚPA 400g

98 kr/ds.



EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA 500ml

398 kr/kg



ÓDÝRT

TORTILLA FLÖGUR

149 kr/pk.

NÝTT

ÓLÍFUOLÍA 500ml

359 kr/kg



SÓDAVATN 2l

79 kr/stk.

COLA 2l

98 kr/stk.



TILBOÐIN GILDA 12. - 15. FEBRÚAR

Birt með fyrirvara um prentvillur.



1. Hvað heitir erindreki Barack Obama í Austurlöndum fjær?
2. Hvernig fór landsleikur Íslands og Liechtenstein í knattspyrnu?
3. Hvað heitir nýkjörinn þingflokksformaður Frjálslynda flokksins?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Lögreglustjóri segir lögreglu eingöngu hafa keypt myndir af einum ljósmyndara:

Myndirnar skipta hundruðum

FJÖLMIDLAR Ljósmyndirnar sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur keypt af Júlíusi Sigurjónssyni, ljósmyndara Morgunblaðsins, skipta hundruðum, að sögn Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra. Stefáni er hins vegar ekki kunnugt um að lögreglan hafi nokkru sinni keypt mynd af öðrum ljósmyndara til afnota í árskýrslum, á vefnum eða við önnur tækifæri.

„Samkvæmt samkomulagi við hann höfum við aðgang að öllum hans myndum sem hann á af lögreglumönnum og starfsmönnum embættisins við störf og getum notað þær ótakmarkað í okkar útgáfur,“ segir Stefán.

Fram kom í Fréttablaðinu á dögunum að Júlíusi starfar fyrir lögreglu og slökkvilið samhliða því að vera ljósmyndari Morgunblaðsins. Forsvarsmenn annarra fjölmiðla hafa kvartað yfir því að það skekki samkeppnisstöðu fjölmiðlanna. Júlíusi hafi greiðari aðgang að vettvangi embættanna. Meðal annars hafi hann margsinnis myndað innan afgirta svæða á vettvangi, þar sem aðrir ljósmyndarar fá ekki að fara, í klæðnaði frá embættunum.

Í Staksteinum Morgunblaðsins á sunnudag segir ritstjórn blaðsins að Júlíusi njóti einfaldlega sambanda sem hann hafi myndað á löngum tíma við lögreglu.



Á VETTvangi Júlíusi íklæddur jakka slökkviliðsins við myndatökur.

FRÉTTABLAÐIÐ / ÞJETUR

Flestir koma frá Póllandi:
Nær þúsund fengu ríkisfang

SAMFÉLAGSMÁL Á árinu 2008 fengu 979 íslenskt ríkisfang, þar af veitti Alþingi 31 ríkisborgararétt. Flestir koma frá Póllandi, eða 166 talsins, 125 komu frá Filippseyjum og 106 frá Serbíu. Frá Taílandi kom 61 og 55 frá Víetnam og 37 Rússar.

Um áramótin tók gildi ákvæði um að umsækjandi að ríkisborgararétti skuli hafa staðist próf í íslensku. Til að fá réttinn þarf umsækjandi að hafa haft lögheimili hér í sjö ár, en ákveðnar aðstæður geta stýtt þann tíma. Sé viðkomandi í hjúskap eða staðfestri sambúð við ríkisborgara, þarf hann að hafa haft lögheimili í þrjú ár frá giftingu.

- kóp

Ókeypis máltíð fyrir börnin!



Þegar þú kaupir máltíð, fá börnin, tíu ára og yngri, að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.

Verið velkomin í IKEA

IKEA FOOD

Verslun opin 11-19 alla daga | Veitingastaður opin 9:30 - 18:30



Efling-stéttarfélag auglýsir framboðsfrest

Kjörstjórn Eflingar-stéttarfélags auglýsir framboðsfrest vegna kosningar stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2009-2011.

Tillögur skulu vera um 7 stjórnarmenn til tveggja ára samkvæmt 10. gr. laga félagsins og bráða-birgðaákvæðum um fækkun stjórnarmanna frá aðalfundi félagsins 2008.

Listi uppstillingarnefndar og trúnaðarráðs liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með föstudaginum 13. febrúar 2009.

Öðrum listum ber að skila á skrifstofu félagsins fyrir kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 20. febrúar nk.

Fylgja skulu meðmæli 120 félagsmanna.

Kjörstjórn
Eflingar-stéttarfélags

Segist engin augljós mistök hafa gert

Geir Haarde var ítrekað spurður hvort hann væri reiðubúinn til að biðja íslensku þjóðina afsökunar í viðtali í bresku sjónvarpi í gærmorgun. Geir segist enn biðja niðurstöðu rannsóknarnefndar sem birt verður í nóvember.

EFNAHAGSMÁL Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fékk á sig erfiðar spurningar þegar hann mætti í viðtali í þættinum HARDtalk á bresku sjónvarpsstöðinni BBC í gær.

Spyrjandinn, Stephen Sackur, krafðist skýrra svara um það hvort Geir væri reiðubúinn til þess að biðja þjóð sína afsökunar á mistökum sem hann hafði gert, bæði sem fjármálaráðherra til margra ára og síðast forsætisráðherra.

„Ég tel ekki að nein augljós mistök hafi verið gerð,“ sagði Geir og reyndi að verjast. „Þetta var röð atburða, þróun sem átti sér stað stig af stigi, og ef þú vilt fara út í að leita sökudólgs, þá þurfa ansi margir að deila þeirri sök með mér.“

Sackur ítrekaði spurninguna hvað eftir annað, en Geir vísaði jafnan til þess að fyrst yrði rannsóknarnefndin, sem á að skila af sér niðurstöðum í nóvember, að hafa lokið rannsókn sinni á því sem gerðist og hvað fór úrskeiðis í aðdraganda bankahrunsins.

„Ég tek á mig minn hluta af ábyrgðinni þegar þetta er komið í ljós og í öllu falli mun ég ekki gera það í sjónvarpsþætti á BBC, þú fyrirgefur,“ sagði Geir.

Geir vildi ekki heldur staðfesta það hvort Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefði ítrekað varað hann við hrúni íslenska fjármálakerfisins.

„Ég ætla ekki að segja þér hvað fór okkar á milli í einkasamræðum,“ sagði Geir. „Allt þetta kemur í



GEIR HAARDE Í HARDTALK Segist hafa dregið þann lærdóm af íslenska bankahruninu að „ekki sé mögulegt að hafa algerlega opið hagkerfi, sem er jafn litið og það íslenska, með algjöru frelsi fjármagnsflutninga og eigin gjaldmiðil“.

MYND ÚR ÚTSENDINGU BBC

ljós þegar rannsókninni er lokið.“ „Þetta snýst býst ég við um að sýna forystu,“ sagði þá spyrjandinn. „Fólk vildi sjá þig sýna raunverulega forystu, en það sá það ekki, er það nokkuð?“

„Það er ekki mitt að meta það, herra minn,“ svaraði þá Geir.

Geir ítrekar í viðtalinu ásakanir sínar á hendur Gordon Brown, sem setti hryðjverkalög fyrst á íslenska ríkið og síðan Landsbankann: „Það sem gerðist í byrjun október af hálfu breska ríkis-

ins var að mínu mati algerlega óafsakanlegt, ónaúðsynlegt með öllu og án minnstu viðvörunar.“

Sackur spyr þá hvort Geir hafi sagt þetta við Brown, en Geir segist ekki hafa rætt við hann eftir þetta.

„Hvers vegna ekki?“ spyr þá Sackur. „Hvers vegna settirðu þig ekki strax í samband við hann og sagðir honum þitt álit?“

„Ja, ég hefði kannski átt að gera það,“ svaraði þá Geir.

gudsteinn@frettabladid.is

Samkeppniseftirlitið sektar Félag íslenskra stórkaupmanna fyrir lögbot:

Stórkaupmenn borgi milljón


SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið (SE) hefur lagt einnar milljónar króna stjórnvaldssekt á Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS) fyrir að hvetja til verðsamráðs. FÍS gekkst við brotinu og gerði sátt í málinu.

Málið hófst þegar framkvæmdastjóri FÍS sagði í fréttum útvarps í mars í fyrra að hækka þyrfti matvöruverð og að sú hækking gæti numið þrjátíu prósentum. Í kjölfarið tók SE málið til athugunar og kallaði eftir gögnum frá félaginu og aðildarfélögum þess.

SKÚLI BJÖRNSSON

Þar kom meðal annars fram að FÍS hefði átt samskipti við Samtök verslunar og þjónustu (SVP) um að félögin „myndu forðast opinberar deilur um verðlagsmál og tryggja að þessi samtök fyrirtækja myndu tala einni röddu um ástæður umræddra verðhækkana“. FÍS segir þó að ásetningurinn hafi verið að hindra samkeppni. Samkvæmt Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra SE, er enn til athugunar hvort gripið verði til aðgerða gegn SVP vegna þessa.

FÍS játaði brotið í desember og óskaði eftir að sátt yrði gerð í málinu. Við mat á sektum hörfði SE til



VILDU HÆKKA VERÐ Þáverandi framkvæmdastjóri FÍS sagði í útvarpsviðtali að skynsamlegt gæti verið að hækka matvöruverð um 30 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ / HEIDA

þessa, sem og þeirrar staðreyndar að félagið setti reglur um starfsemi sína og samskipti félagsmanna sín á milli.

„Við gerðum sátt í málinu og erum því sáttir,“ segir Skúli J. Björnsson, formaður FÍS.

- sh

Hringdu í síma

512 50 60


ef blaðið berst ekki



13. - 14. febrúar 2009

Vetrarhátíð

i Reykjavík



DAGSKRÁ FÖSTUDAGINN 13. FEBRÚAR

19:00 – 22:00

OPNUN VETRARHÁTÍÐAR OG SAFNANÆTUR – FORTÍÐARFLAKK Í GRJÓTAPÖRPINU.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Hanna Birna Kristjánsdóttir, setur Vetrarhátíð í Fógetagarðinum við Aðalstræti við upphaf Safnanætur. Að setningu lokinni er gestum boðið á fortíðarflakk í Grjótaþorpinu. Þetta er óvissuferð. Fógetagarðurinn við Aðalstræti.

07:30 – 16:00

FÉLAGSSTARF Í BREIÐHOLTÍ Á MENNINGARHÁTÍÐ ELDRI BORGARA. Pottaspjall, létt ganga, boccía, þrjónakaffi í Gerðubergi og hátíðarbingó. *Breiðholt.*

09:00 – 22:00

KVOSIN - VAGGA LEIKLISTAR. Sýning Leikminjasafnsins um gömlu leikhúsin í Kvosinni og þá sem þar komu mest við sögu. *Fógetastofa, Aðalstræti 10.*

09:00 – 18:00

FISKUR Í STEINI OG PERSÓNUR LEIKENDUR. Skúlpútur og myndir úr bæjarlífi Reykjavíkur í lok 19. aldar. *Handverk og Hönnun, Aðalstræti 10.*

10:00 – 18:00

LISTAKONUR LISTASELSINS sýna verk sem tengjast þema Vetrarhátíðar, ljósi og vatni. *Listaselið, Skólavörðustíg 17b.*

10:00 – 18:00

FREYJA OG VATNIÐ. Freyja Ónundardóttur málar með olíu á striga. *Kaffi Loki, Lokastíg 28.*

10:00 – 22:00

LEIKBRÚÐUHÁTÍÐ Í RÁÐHÚSINU. Leikminjasafn Íslands sýnir nokkrar af leikbrúðum Jóns E. Guðmundssonar. *Ráðhús Reykjavíkur.*

10:00 – 18:00

LJÓSBERAR. Sesselja Tómasdóttir sýnir málverk unnin á striga. *Karlmenn, Laugarveg 7.*

12:00 – 18:00

LJÓÐALAMPAR DRAFNA. Ljóð valinkunnra íslenskra listamanna fá nýstárlega meðferð. *Kaffi Loki, Lokastíg 28.*

13:00 – 19:00

LONDON ÞEGAR ALLT KEMUR Í LJÓS. Myndir úr menningarlífinu í London. *Gallerí Lost Horse, Skólastræti 1.*

13:30 – 15:30

VETRARBINGÓ. Oft var lúddó, en nú er bingó! Veglegir vinningar! *Félagsmiðstöðin Aflagranda 40.*

13:30 – 15:30

SUNGID VIÐ FLYGILINN og dansað í aðalsal. Glæsilegt veislukaffi á vægu verði. *Félagsmiðstöðin Vesturgötu 7.*

14:00 – 18:00

FÁUM VIÐ ÍSHJARTA? Norðlendingar sækja okkur heim með íslist, leiklist, mat, vetraríþróttum og hjörtum sem þrýtt hafa Akureyri. *Ingólfsnaust, Aðalstræti 2.*

14:00

LJÓS OG VATN. Hér er besta vatn í heimi og birta sem er engu lík. Listasýning. *Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.*

16:00 – 18:00

JAZZAKADEMÍA HÁSKÓLA ÍSLANDS. Jól Pálsson, Þórir Baldursson og Einar Scheving leika. *Háskólatorg.*

17:00 – 18:00

ORÐKESTRA ÍSLENSKA LÝÐVELDISINS. Ljóðskáldið Kristín Svava opnar sýninguna með ljóðdagjörningi. *Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.*

17:00 – 20:00

SJÓSUND Í NAUTHÓLSVÍK. Sjósund, heitur pottur, bálþönnur og kaffi á könnunni að sundi loknu. *Nauthólsvík.*

17:00 – 21:00

SAMSPIL LJÓS, VATNS OG LITA Í HINU HÚSINU, *Pósthússtræti 3 – 5.*

17:00 – 22:00

HIPHOP BÍÓDAGAR@HITT HÚSIÐ. TFA Viðburðir og Hiphop.is bjóða í bíó. Sýndar verða nokkrar klassískar kvikmyndir um Hiphop menningu í bland við nýrra efni. *Kjallari Hins hússins, Pósthússtræti 3 – 5.*

17:00 – 24:00

FRÍSTUNDAMÁLARAR Í KAABER HÚSINU. Markmiðið með sýningunni er að veita almenningi sýn inn í gróskumikið starf frístundamála. Danssýning frá Danslistarskóla JSB Kl. 20:00. *Kaaber húsið við Sættún.*

18:00

MYNDLISTAROPNUN. Harpa Dögg Kjartansdóttir og Katla G. Jónasdóttir sýna. Allir eru velkomnir á opnun sýningarinnar. *Listasalurinn Íðu húsinu, Lækjargötu 2.*

19:00 – 24:00

SAFNANÓTT. Tuttugu söfn í Reykjavík bjóða uppá fjölbreytta dagskrá sem gestir á öllum aldri fá notið fram undir miðnætti. Sérstakur safnanæturstrætó gengur á milli safnanna og auðveldar gestum að heimsækja fjölmörg söfn á einu kvöldi. Draugaráðstefna, Svabbi sjóari, Stoppað í sokka, Amiina, Skáklist og margt fleira. *Sjá nánari dagskrá á www.vevtrarrhatid.is.*

19:00 – 22:00

SÖGUR ÚR KREPPUNNI. Miðstöð munnlegrar sögu býður gestum að líta við í garðhúsinu og segja frá upplifun sinni af kreppum fyrr og nú. *Glasgowvegur við Fischersund.*

19:30 – 21:00

BRÆÐINGUR Í BÚSTAÐAHVERFI. Nú er lag! Taktu þátt í að skapa hverfislistaverk, hlýddu á upplestur, prófaðu línudans og leiki. *Bústaðakirkja, Tunguvegur 25.*

19:30 – 21:00

VESTURBÆJARLAUGIN Í NÝJU LJÓSI. Ljóða-pottur, sundspil, leikir í lauginni, geðheilsu-mynd 10. bekkinga Hagaskóla, tónlist og margt fleira. *Vesturbæjarlaug, Hofsvallagötu.*

20:00 – 22:00

SPENNANDI NÝ ÍSLENSK HÖNNUN. Örn Smári Gíslason, Stefán Pétur Sólveigarson og Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir kynna hönnun sína, bæði nýja og eldri. *Kraum, Aðalstræti 10.*

20:00 – 22:00

For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið

Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opíð frá kl. 12.00 og framtefir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Verslun

TANTRA
ERÓTISK VERSLUN

Mundu eftir elskunni þinni á Valentínusardaginn! Nú er rétti tíminn til að sýna ást sína í verki

FRÁBÆRTTÆKI FYRIR ÞÉR. VERÐ AÐUR 10.990 TILBOÐ 8.990

EGG VERÐ AÐUR 4.990 TILBOÐ 3.990

ALLUR FATNAÐUR MED 30% AFSLÆTTI Í TELEFNI DAGSINS.

ALLIR SEM VERSLA FYRIR 10.000 EÐA MEIRA FÁ DVD FYRIR 3990 AÐ EIGIN VALI FRÍTT MED. AÐRI GLEIÐI EKKI MED ÖÐRUM TILBOÐUM.

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
ERÓTISK VERSLUN

MÁN-FÓS 12:00-20:00
OG LAUGARD 12:00-18:00
OG Í HLÍÐARSMÁRA Á SUNNOD 12:00-18:00
Fákafen 11, S. 588 6969
HLÍÐASMÁRI 13 S. 587 6969
WWW.TANTRA.IS

ÚTSALA LOKADAGAR

LEÐUR KORSE LETT

SMALL - MED
LARGE - XL - XXL

2.995
Aður 14.995

FLAUELS KORSE LETT

SMALL
MEDIUM
LARGE

2.995
Aður 12.995

FIDRILDI

ÁSPENNIÓLAR FJASTYRING HRADAST.

1.995
Aður 6.995

FINGUR

TITRARA SETT 4 KAUSAR

1.995
Aður 7.995

TITRARA SETT - 10 HLUTIR

5.995
Aður 11.995

Rómantík.is

Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500
(Horninu á Frakkastíg)

Opíð: Virka daga 12-20
Laugardaga 12-18

amor

Egg í miklu úrvali frá kr. 790.-

Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.

Full búð af nýjum vörum

• INTIMO •

Öruglega besta rakgelið!

Tökum að okkur heimakynningar.

Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
ERÓTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA.

Ný og glæsileg heimasíða!
af þú verslar fyrir 10.000.- eða meira þá fylgir þér DVD diskur með fyrir 3990.-

OPÍÐ MÁN - FÓS 12-20
OG LAUGARD. 12-18
OG Í HLÍÐARSMÁRA Á SUNNOD. 12-18

FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
S. 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

www.bathmate.is



Allir öskudagsbúningar á 2.000 kall! Mikíð úrval. Partýbúðin, Faxafeni 11.

Ýmislegt

40 fm frystiklefi til sölu. Verð 2,2 millj. Uppl. í s. 897 0513.

Námskeið

SCHOOL
ICELANDIC

INTER-LINGUAL
LEARNING TECHNIQUE
Level I: 4 weeks Md-Frd;
18-19:30 PM or 10-11:30 AM!

Start 16/2, 16/3, 20/4 Level II: 7 w; Md/Wd/Frd; 20-21:30: 16/2, 6/4. Level III: 10 w Tsd/Thsd: 20-21:30: 17/2, 28/4. Level IV: 10 w Sat/Sun 14-15:30: 21/2. Ármúli 5, s.5881169 - www.icetrans.is/ice

Heimilistæki

Vantar Plasma eða LCD 42" eða stærra kemur til greina Nýtt/Notað. Sími 861-0008.

Dýrahald

Regal
Super premium hundamat
1,8 kg 1.680
7,5 kg 4.480
45 kg 7.580

Regal
Super premium kattamat
450 gr. 780
1,8 kg 1.680
7,5 kg 4.480

Dýrahæð HLÍÐASMÁRA 9 & Smáralind
www.regalpetfoods.com

Dvergschnauzer draumurinn?

Eigum gullfallega hvolpa ólofaðan undan spennandi samsetningu fyrir réttu heimilín. Yndisleg skapgerð og HRFÍ ættbók.

Uppl í s. 847-8171 eða á www.svartskleggs.com

Hundagalleríð auglýsir
Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is
Sími 566 8417 bjóðum visa/euro raðgreiðslur.

Hestamennska



Herrakvöld Faks
Verður haldið laugardaginn 14. febr. Glæsilegt Villibráðarhláðborð, skemmtikraftar og dans. Miðaverð aðeins kr. 4.900 (miðasala í Reiðhöllinni og Skalla).
Nefndin

Húsnæði í boði

www.heimkynni.is
Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is

Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.
Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþvél, gardínur og öll ljós fylgja.
Upplýsingar í síma 699 6464.

husaleiga.is

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

LMK.IS
Leigumíðlun Kópavogs & Garðabæjar ☎ 517-0150

Vantar eignir á skrá í Kópavogi og Garðabæ, www.LMK.is

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.
www.leiguherbergi.is
Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.
Uppl/info í S. 824 4535.
www.leiguherbergi.is

Til leigu 3. herb, 86m2, íbúð í 101. Gengið úr stofu út í garð. Íssk. + uppþvottav. fylgir. Laus strax. Gsm 844-4422

Falleg og góð 70 fm íbúð, 2,5 herb. m/geymslu til leigu í fjölbýlishúsi í Hfj. Er með öllum nýlegum innréttingum. Leigist á kr. 80 þús. með eða án innbús. Innifalið er hússjóður, hiti og rafmagn. Uppl. í s. 898 2684 & 858 0360. Laus Strax.

Mjög hentugar stúdíóíbúðir til leigu í hverfi 101, 65-85þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram + trygging. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 568 1848.

Frábært herb. í 101. Frábær staðsetn. Útsýni. Aðg. að eldh. baðh. og þvottastofu. Ath. Trygging 2 mán. S: 8656750.

Til leigu ca 94 fm 4ra herb. íbúð við Laufengi í Reykjavík. Uppl. fást hjá Húsavík í síma 510 3800 eða 821 9444.

Stúdíóíbúðir. Skyndileiga, skammtímaleiga, langtímaleiga. Uppl. í s. 618 2698.

Til leigu 4ja herbergja íbúð við Svólás. Frábært útsýni. Uppl. gefnar í s. 694 1800.

Stórt herb. til leigu á Snorrabraut. Verð 55 þús. Uppl. í s. 862 7705.

Íbúð til leigu í 101 R
Falleg 4-5 herb. íbúð til leigu við Skólavörðustíg. Uppl. gefur Katla í s. 663 0602.

3 Herb íbúð í Hólalhverfi 85 fm laus strax helst langtímaleiga sími 8251505

Húsnæði óskast

Fjölskylda óskar eftir 4-5 herb. íbúð til leigu sv. 110. Öryggir leigendur og greiðslur. Vinsamlegast hafið samb. í s. 822 1422.

Óska eftir einstaklingsíbúð á svæði 101 eða 107. Greiðslugeta 70 þús. Skilvisum greiðslum heitið. Meðmæli ef óskað er eftir. Uppl. í s. 865 8539, Gunný.

Ungt par með 2 börn óskar eftir 4 herb. íbúð til leigu í Kóp. póstrn.200-203. Reyklaus og reglusöm. Tilboð sendist á smart@internet.is

104 Rvk
Bílstjóra utan að landi vantar herb. eða stúdíó til leigu. S. 893 5444, Björn.

Atvinnuhúsnæði

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hverskyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúllan & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

Bolholt 4 til leigu!

Til leigu 170 fm. verslunarhúsnæði á götuhaði í góðu ástandi og 140 fm. skrifstofuhúsnæði á 2.hæð. Laust strax. Uppl í s. 893 8166 Ragnar.

Geymslúhúsnæði

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslublí 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á máni. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélur. S. 555 3464

Atvinna í boði



Starfsmaður á plani
Óskum eftir að ráða starfsmann í útibjónustu á bensinstöð Skeljungsvíð Laugaveg 180. Um vaktavinnu er að ræða.
Nánari upplýsingar veitir Óskar stöðvarstjóri í síma 840 3115 eða á starf@skeljungur.is. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is.



Bið stólaeigu á góðum kjörum, upplýsingar eftir kl 17.00 í síma 893 0400.



Veitingastaðurinn Domo
Óskar eftir metnaðarfullum matreiðslunum til starfa.
Uppl. veitir viktor á viktoro@simnet.is



Eldsmiðjan á Bragagötu
72% kvöld- og helgarvinnna. Starfsmaður ber ábyrgð á veitingastaðnum. 1.500.- á tíma. Afgreiðsla, bera fram mat, og þrif. Hæfniskröfur: mjög góð mannleg samskipti, reynsla er æskileg, 24 ára og eldri, snyrtimennska, engir skartgripir eða húðflúr í andliti eða hálsi, stundvísi, dugnaður, fullkomin íslenskukunnátta. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í framtíðarstarf. Unnið er eftir vöktum. Reynsla og íslenskukunnátta skilyrði Uppl. í s. 697 6797 Linda og á staðnum.

Vááá...Ég fékk \$844,26 við aðeins 10 klst. vinnu.Dagsatt og ég hef sönnun fyrir því!Kíktu á http://www.netvid-skriptaskolinn.com

Atvinna óskast

Sjálfsstaður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Tilkynningar

Guðspekifélagið

Í kvöld, föstudaginn 13. febrúar kl. 20:30 heldur Garmlaugur Guðmundsson erindi sem hann nefrir: Orkukerfi mannsins, í húsi Hítagsins, Ingólfrastí 22. Laugardaginn 14. febrúar er opíð hús kl. 15:00. Kl. 15:30 verður flutt erindi af mynddöski með Sigvalda Hjálmarssyni. Sunnudaginn 15. febrúar: Hugleiðingur. Sjá mynddöski með Eckhart Tolle kl. 20:00 og síðan hugleiðing. Húsið opnað kl. 19:30. Á fimtugdögum kl. 16:30 - 18:30 er búkþjónustan opin með miklu úrvali andlega bókmennta. www.gudspekifelagid.is

Einkamál

Símapjónusta Spjalldómur

S. 908 6666. opíð allan sólarhringinn

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9950 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Stefnumót.is
Vandaður vefur fyrir vandað fólk sem leitir varanlegra kynna

Chat.is
Sýndu þig, sjáðu aðra. Chat.is er svoltið djarfur vefur

Yndislegar dómur
Nýjar dómur eru duglegar við að skrá sig þessa dagana hjá Dömunum á Rauða Torginu. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). Skoðuðu prófala þeirra á Chat.is (platinumfélagar).

Kona, leitir þú tilbreytingar?
Rauða Torgið Stefnumót hefur í 10 samfelld ár verið vettvangur kvenna sem leita tilbreytingar. Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu okkar í síma 555-4321 til að kynna karlmanni við hæfi.

Nýkomnir glæsilegir dómuskórur teóri með skinnfóðri. Margir litir
Stærðir: 37 - 41
Verð: 14.880

Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opíð: mán - fös: 10-18, lau 10-14
www.misty.is

Okkur vantar

þig núna!



ITH leitar umsókna vegna starfa á Íslandi og í Noregi

ITH er þjónustufyrirtæki staðsett á Akureyri. Meðal viðskiptavina ITH eru stórfyrirtæki í Noregi sem sækjast eftir íslensku starfsfólki til starfa á Íslandi og í Noregi.

ITH leitar umsókna vegna starfa á Íslandi (Akureyri) og í Noregi. Um er að ræða útvistunarverkefni fyrir alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar í Noregi.

Við leitum að fólki til starfa í þjónustuverum með góða kunnáttu í norsku, sænsku eða dönsku. Einnig leitum við að starfskröftum með reynslu og menntun í bókhaldsstörfum.

Vantar einnig IT fólk og verkfræðinga á skrá.

Nánari upplýsingar: www.staff.is



ITH ehf., Skipagötu 9, 600 Akureyri, s: 460-5705, www.staff.is

Vinsamlegast skráið umsóknir á heimasíðunni www.staff.is eða sendið á netfangið starf@staff.is. Haft verður samband við alla umsækjendur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigurbjörg Guðmundsdóttir

frá Sætúni, Fáskrúðsfirði, síðast til heimilis að Dvalarheimilinu Grund,

lést aðfararnótt 12. febrúar á Dvalarheimilinu Grund. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

Kristín A. Gunnþórsdóttir	Sigurgeir Þór Sigurgeirsson
Guðmundur Þór Gunnþórsson	
Guðjón Gunnþórsson	Helen Medvedeva
Eygló Sara Gunnþórsdóttir	
Rut Gunnþórsdóttir	Eiður Sveinsson
Rakel Gunnþórsdóttir	Ævar Agnarsson
Porgils Gardar Gunnþórsson	Helga Steinunn Hauksdóttir
Rebekka Gunnþórsdóttir	
barnabörn og barnabarnabörn.	



Innilegar þakkar til allra sem sýndu okkur hlýbug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Friðdóru Jóhannesdóttir

áður til heimilis á Brekkugötu 20, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 24. janúar á Hrafnistu í Hafnarfirði. Okkar alúðarþakkar til starfsfólks fyrir einstaka umönnun hennar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ólöf Gunnarsdóttir	Eysteinn Guðlaugsson
Jóhanna Gunnarsdóttir	Reynir Benediktsson
Kristín Auður Gunnarsdóttir	Erlingur Kristinn Guðmundsson
Halldóra María Gunnarsdóttir	Einar Vídalín Guðnason
Halldór Grétar Gunnarsson	
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.	



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir,

Óskar Jensen

prentari

lést á Vífilstöðum miðvikudaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju í dag kl. 13.00.

Aðalheiður Óskarsdóttir	Kristbjörg Markúsdóttir
Gústaf Óskarsson	
Málfríður Óskarsdóttir	
Anna Júlía Óskarsdóttir	
Ómar Óskarsson	Ólafía Sigurgarðsdóttir



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og barnsmóðir,

Sirrey María Axelsdóttir

Álftahólum 8, Reykjavík,

lést 5. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. febrúar kl. 13.00.

Kolbeinn Elí Pétursson
Aron Örn Gunnarsson
Kolbrún Bryndís Björnsdóttir
Björn Ingi Valgarðsson
Jón Grétar Axelsson
Einar Gunnar Axelsson
Guðný Karólína Axelsdóttir
Pétur Hannesson
Gunnar Örn Haraldsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

JERRY SPRINGER ER 65 ÁRA Í DAG.

„Þetta er sjónvarpsþáttur. Ekki endalok vestrænnar síðmenningar.“

Jerry Springer er bandarískur þáttastjórnandi The Jerry Springer Show sem þykir ansi svæsinn spjallþáttur þar sem slagsmál og rifrildi eru daglegt líf.



tímamót

timamot@frettabladid.is

MENNINGARHÁTÍÐ ELDRI BORGARA Í BREIÐHOLTI: 11.-15. FEBRÚAR

Viljum auka á samheldni

„Komin er hefð á að halda svona hátíð árlega í tengslum við vetrarhátíð Reykjavíkur en þetta er í sjötta skiptið sem Breiðholtsbúar taka virkan þátt. Upphafið má rekja til félagsstarfsins í Gerðubergi sem kom fyrst að vetrarhátíð árið 2004,“ segir Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, og heldur áfram: „Eftir stofnun Þjónustumiðstöðvar Breiðholts varð hún framkvæmdaaðili að vetrarhátíðinni fyrir hönd Breiðholtsins þannig að Breiðholtshátíðin – menningarhátíð eldri borgara, er nú sú fjórða í röðinni sem unnið er að af hálfu Þjónustumiðstöðvarinnar.“

Hátíðin er samstarfsverkefni margra aðila í Breiðholti og er ekki einungis um eldri borgara að ræða, þótt nafnið gefi slíkt til kynna. „Margir leggja hönd á plóginn til að gera þessa hátíð mögulega. Má þar nefna Þjónustumiðstöð Breiðholts, félagsstarfið í Gerðubergi og Árskógum 4, grunnskóla og leikskóla, Skákkfélagið Helli, Íþróttafélagin, sundlaugina og mörg fyrirtæki í hverfinu,“ segir Þorsteinn áhugasamur og nefnir að dagskráin sé fjölbreytt. „Hátíðin hófst á miðvikudaginn og stendur alveg fram á sunnudag. Hver dagur er með sitt þema og tengdist fyrsti dagurinn íþróttum eldri borgara, annar dagurinn gekk út á að færa kynslóðirnar saman, í dag beinist Kastljósið að félagsstarfi í Breiðholti, á morgun verða Breiðhyllingar og vinir í Ráðhúsinu og á sunnudag verða messur í kirkjum



METNAÐARFULL DAGSKRÁ Menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti stendur nú yfir og er Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, hæstánægður með fjölbreytta dagskrá hátíðarinnar.

Breiðholts,“ útskýrir hann en nánari útlistun á dagskránni má finna á vef Reykjavíkurborgar, www.rvk.is.

Heiðursgestir þetta árið verða Vestmannaeyingar. „Við erum oft með samstarfsaðila úti á landi í tengslum við þessi hátíðahöld og í ár eru það Vestmannaeyingar. Þá reynum við á hverjum degi að hafa eitthvað sem tengist Vestmannaeyjum,“ segir Þorsteinn.

„Leikskólar og grunnskólar eru með atriði á hátíðinni og þó svo hátíðin sé í Breiðholti þá er þetta menningarhátíð fyrir alla. Þetta er því hverfishátíð og

almenn menningarhátíð í senn,“ segir Þorsteinn og bætir við að gaman sé að segja frá því að kostnaður sé nánast enginn. „Flestir gefa vinnu sína þannig að þetta er mikil félagsaðs-hátíð í hverfinu.“

Þorsteinn segir að Þjónustumiðstöð Breiðholts vilji þróa Breiðholtíð sem samfélag þar sem umhyggja fyrir náunganum sé mikil. „Hátíðin er liður í því að draga þetta fram og að fólk skilji gildi þess að kynslóðirnar komi saman í alls konar skemmtilegum verkefnum.“

hrefna@frettabladid.is



Móðir mín, tengdamóðir og amma,

Jörunn A. Sigurvaldsdóttir

frá Eldjárnsstöðum, Flókagötu 58, Reykjavík,

lést mánudaginn 9. febrúar á Landspítalanum Landakoti.

Jón M. Smith
Guðleif Sigurbjörnsdóttir
og börn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Júlíusdóttir

til heimilis að Sléttuvegi 19, Reykjavík,

lést aðfaranótt sunnudagsins 8. þessa mánaðar. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

Guðmundur Gunnarsson
Sólveig Guðmundsdóttir
Anna Margrét Guðmundsdóttir

Gunnar Örn Guðmundsson
Hlíf Guðmundsdóttir
Hrönn Guðmundsdóttir Sicari
Ólöf Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Lindal
Kristinn Ágúst
Friðfinnsson
Helga Margrét Söebeck
Geir Björnsson
Frank Sicari
Örlygur Þórðarson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Theódóra Kristjánsdóttir

Bakkavegi 13, Hnífsdal,

sem lést föstudaginn 6. febrúar, verður jarðsungen frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 14. febrúar kl. 14.00.

Halldóra Elíasdóttir	Guðmundur Kr. Thoroddsen
Sigríður Inga Elíasdóttir	Svavar Geir Ævarsson
Finnbjörn Elíasson	Gyða Björg Jónsdóttir
Guðmunda Elíasdóttir	Friðrik Óttar Friðriksson



Elskuleg móðir okkar,

Guðrún Jóna Gunnarsdóttir

hjúkrunarfræðingur,
Engjaseili 9, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 11-E við Hringbraut mánudagskvöldið 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík mánudaginn 16. febrúar kl 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á menntunarsjóð Hafsteins og Katrínar, reikningsnúmer: 0166-15-630063, kt.: 040587369.

Hafsteinn Daníel Þorsteinsson
Katrín Björg Hannesdóttir

ALLTAF BETRA VERÐ



169.990


Ace margmiðlunartölva Intel 3
 2.66GHz Intel Core 2 Duo E7300 örgjörvi • 2GB Dual DDR2 minni • 640GB WD Caviar SE16 harður diskur • DVD±RW skrifari • 22" LCD Philips 220CW9FB skjár - 1680x1050 • 512MB MSI Geforce9 N9600GT skjákort • Óflugt hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium stýrikerfi



139.990

2.0Ghz AMD Turion64 X2 Mobile RM-70 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 16" FHD WXGA+ skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 3650 PCI-Express skjákort • 4xUSB2, Firewire, ExpressCard/54, HDMI (HDCP), eSATA, Easyport • Windows Vista Home Premium stýrikerfi

Acer Aspire Blue 6530G-703G32MN fartölva



PHILIPS

Philips Brilliance 220SW9FB
 22" svartur LCD breiðjalldsskjár, 1680x1050 dpi, 10000:1 í dynamic skerpu og 5ms.



HDMI Full HD 1080P WD

Western Digital HD Media spilari
 Margmiðlunarspilari sem gerir þér kleift að nota USB flakkaraðn þinn til að spila af. Spilar allar tegundir kvikmynda frá Avi til MKV háskerpu-mynda. Stýður SRT texta.



CREATIVE

Creative Gigaworks T40
 Ótrúlega góðir hátalarar frá Creative sem fengið hafa frábæra dóma. Tengi fyrir heyrnatól og stillingar fyrir styrk og hljóð.



WD

Western Digital 250GB Passport
 Glæsilegur lítill USB flakkari frá Western Digital með 250GB hörðum disk. Fæst í svörtu, hvítu og bleiku.

39.990

34.990

18.990

17.990



MSI

MSI GeForce 9500GT skjákort
 512MB 9500GT skjákort. 1000MHZ GDDR2 minni, 550MHZ kjarni. HDMI, DVI, VGA, DUAL Link DVI ofl.



RAZER

Razer Salmosa leikjámús
 Razer fartölvumús fyrir leikina, 1800dpi með innrauðum 3G skynjara. Fjöldi mismunandi stillinga fyrir leikjaspilarann.



PHILIPS

Philips SHP2000 heyrnatól
 Lítt og þægileg heyrnatól frá Philips. Hönnuð með langa samfellda notkun í huga. Lokuð og falla vel að eyrum sem gefur betri hljóð.

BLEK OG PAPPÍR
 alltaf á frábæru verði



VERÐ DÆMI

Canon 8 serían á kr.

14.990

7.490

3.690

2.190

TÖLVU LISTINN



REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

NÓATÚNI 17
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9
S: 414 1730

MÍDVANGI 2-4
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1750

HLÍÐASMÁRA 10
S: 414 1760

ÚTSÖLULOK

ENN LÆGRA VERÐ - AÐEINS ÞESSA HELGI

© ILVA Ísland 2009



Amarone sófalína
149.700,-
(3ja sæta, 2ja sæta og hægindastóll).
Sparaðu
220.000,-

Amarone. Sófalína, semianilin leður.
Dúnn í efsta lagi sófans.
3ja sæta. L218 cm. Verð 139.900,- **NÚ 59.900,-**
2ja sæta. L146 cm. Verð 129.900,- **NÚ 49.900,-**
Hægindastóll. Verð 99.900,- **NÚ 39.900,-**

sófaborð
nú **27.450,-**
SPARAÐU 27.450,-



Limo. Sófaborð. Burstað stál. Ø90 cm.
Verð 54.900,- **NÚ 27.450,-**



30-50%
af öllum
mottum

VISA Lán

- VAXTALAUST

Þjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða



Sparks. Verð 14.900,-
nú **8.990,-**
SPARAÐU 5.910,-

35%
af öllum
gólfloppum



30%
af öllum
rúmfötum

Lucille. 140x200 cm.
Verð 5.900,-
nú **3.990,-**
SPARAÐU 1.910,-

Nýtt kortatímabil - útsölutilboð gilda aðeins þessa helgi




einfaldlega betri kostur

3ja sæta
nú **79.900,-**
SPARAÐU 110.000,-




Zanetti. 3ja sæta sófi. L. 233 cm. Verð 189.900,- **NÚ 79.900,-**
2½ sæta sófi. L. 213 cm. Verð 179.900,- **NÚ 69.900,-**

3ja sæta
nú **89.900,-**
SPARAÐU 90.000,-



Velardi. 3ja sæta sófi. L. 225 cm. Verð 179.900,- **NÚ 89.900,-**

3ja sæta
nú **174.900,-**
SPARAÐU 75.000,-



Marino. 3ja sæta sófi. L. 230 cm. Verð 249.900,- **NÚ 174.900,-**
2½ sæta sófi. L. 200 cm. Verð 199.900,- **NÚ 139.900,-**
Hægindastóll. Verð 149.900,- **NÚ 99.900,-**

skrifborð
nú **49.900,-**
SPARAÐU 17.000,-



Contract. Skrifstouborð háglans hvítt, m/2 skúffum.
156x65 cm. Verð 66.900,- **NÚ 49.900,-**
Spinn. Skrifstofustóll. Verð 54.900,- **NÚ 29.900,-**

skrifstofustóll
nú **29.900,-**
SPARAÐU 25.000,-

borðstofuborð
nú **49.900,-**
SPARAÐU 20.000,-



Corbi. Borðstofuborð. Ø110 cm. Hvítlakkað. Verð 69.900,- **NÚ 49.900,-**
Ledo. Borðstofustóll. Brúnt leður. Verð 14.950,- **NÚ 9.900,-**

stóll
nú **9.900,-**
SPARAÐU 5.050,-



kaupið
3 stk.
og þú borgar
fyrir tvö



Sculpture. Blómavasi.
Verð 4.990,-
nú **2.990,-**
SPARAÐU 2.000,-

35%
af öllum
blómavösum



Malibu. Verð 29.900,-
nú **19.400,-**
SPARAÐU 10.500,-

35%
af öllum Malibu
kómmóðum



www.ilva.is

shop online



ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18** mánudaga - föstudaga **11-19**



Miele

vilborga@centrum.is

www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - verð frá kr. 139.995
Purrkarar - verð frá kr. 119.995

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Þri 17/2 kl. 18:00 fors.	Sun 1/3 kl. 14:00	Lau 21/3 kl. 14:00
Mið 18/2 kl. 18:00 fors.	Sun 1/3 kl. 17:00	Lau 21/3 kl. 17:00
Fös 20/2 kl. 18:00 fors.	Lau 7/3 kl. 14:00	Sun 22/3 kl. 14:00
Lau 21/2 kl. 14:00 frums.	Lau 7/3 kl. 17:00	Sun 22/3 kl. 17:00
Lau 21/2 kl. 17:00	Sun 8/3 kl. 14:00	Lau 28/3 kl. 14:00
Sun 22/2 kl. 14:00	Sun 8/3 kl. 17:00	Lau 28/3 kl. 17:00
Sun 22/2 kl. 17:00	Lau 14/3 kl. 14:00	Sun 29/3 kl. 14:00
Lau 28/2 kl. 14:00	Sun 15/3 kl. 14:00	Sun 29/3 kl. 17:00
Lau 28/2 kl. 17:00	Sun 15/3 kl. 17:00	Lau 4/4 kl. 14:00

Sýningar í maí komnar í sölu, sjá www.leikhusid.is

Hart í bak (Stóra sviðið)

Fös 13/2 kl. 20:00	Fim 26/2 kl. 20:00	Fös 6/3 kl. 20:00
Lau 14/2 kl. 20:00	Fös 27/2 kl. 20:00	Lau 14/3 kl. 20:00
Fim 19/2 kl. 20:00	Fim 5/3 kl. 20:00 aukasýn.	Mið 18/3 kl. 20:00 aukasýn.

Sýningum lýkur í mars

Skoppa og Skrítra í söng-leik (Kúlan)

Lau 28/2 kl. 13:00	Lau 14/3 kl. 13:00	Lau 28/3 kl. 13:00
Lau 7/3 kl. 13:00	Lau 21/3 kl. 13:00	

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Sumarljós (Stóra sviðið)

Sun 15/2 kl. 20:00

Síðasta sýning

Heiður (Kassinn)

Lau 14/2 kl. 20:00	Fös 20/2 kl. 20:00	Lau 28/2 kl. 20:00
--------------------	--------------------	--------------------

Sýningum að ljúka

5125050
Auglýsingasími



Fréttatími fáránleikans

Síðastliðið mánudagskvöld gerðist það í fyrsta sinn í langan tíma að ég hafði gaman af fréttatíma í sjónvarpi, enda kómikín í algeru fyrirrúmi.

NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmundsson

Fyrsta fréttin í fréttatíma Stöðvar 2 þetta kvöld fjallaði um æsilegan eltingarleik fréttamanna við Davíð Oddsson seðlabankastjóra. Áhorfendum var sýnt á Reykjavíkurborg hvernig Davíð var eltur um borg og bý, úr Skerjafirði og út á nes og þaðan niður á Landspítala, þar sem seðlabankastjórinn náði loksins að hrista snápana af sér með því gamalkunna trixi að urra, þykjast vera á leiðinni í læknisskóðun, og ganga svo inn um aðalinnganginn og út bakdyramegin inn í flóttabíl sem þar beið. Davíð sýndi þarna takta sem sjálfur Steve McQueen í Flóttanum mikla hefði verið fullsæmdur af. Ég hló.



Næsta frétt einblíndi á rifrildi Ólafs Ragnars og Dorritar í erlendu glanstímariti. Fréttamaðurinn fór grafalvarlegur með línur úr viðtalinu á borð við: „Dorrit, þú getur ekki sagt þetta,“ og „Ég var að segja það, Ólafur!“ Það ískraði í mér.

Þá tók við frétt um mikið tap lífeyrissjóðanna. Þar kom fram að á meðan allir í heimi, eða því sem næst, vissu að krónan væri handónýtt hefðu lífeyrissjóðirnir haft tröllatrú og veðjað á styrkingu hennar. Ég engdist um af hlátri yfir fáránleikanum, en skammaðist mín fyrir það.

Lokahnykkurinn var svo dásamleg frétt um hugmyndasamkeppni um skipulag gamla hafnarvæðisins. Júlíus Vífill, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarformaður Faxaflóahafna, sér víst ekkert því til fyrirstöðu að fólk sendi inn hugmyndir í formi listaverks, nú eða ljóds. Ég var enn flissandi þegar ég gekk til náða.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



TORFI G YNGVASON

ER HAGFRÆÐINGUR AÐ MENNT. HANN REKUR FYRIRTÆKIÐ THE ARCTIC RAFTING ADVENTURE COMPANY OG STARFAR JAFNFRAMT SEM LEIÐSÖGUMAÐUR. HANS HELSTU ÁHUGAMÁL ERU FLÚÐASIGLINGAR, KLIFUR, FARA Á SNJÓBRETTI, SIGLA Á KAYAK OG HELLASKOÐUN SVO EITTHVAÐ SÉ NEFNT.

2JA LAGA JAKKI: RAGNAR

2JA LAGA BUKUR: RAFN

ULLARBOLUR: GUNNAR

ULLARBUKUR: LANGBRÓK



SPJARÐU ÞIG

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARDABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

CINTAMANI LAUGAVEGI 94
101 REYKJAVÍK, S. 552 8090

WWW.CINTAMANI.IS

Nokkrir vinir sýna saman

Í kvöld opnar Listasafn Íslands nýja sýningu í húsnæði sínu á Fríkirkjuvegnum. Sýninguna kalla þeir Halldór Björn Runólfsson og Björn Roth sýningarstjórar Nokkra vini en með réttu gæti hún kallast SUM snýr aftur: þar eru á ferðinni tugir verka úr fórum safnsins sem sýna margbreytileika þess hóps sem sýndi á vegum SUM, fyrst í Ásmundarsal og síðan í sal SUM við Vatnsstíg og á samsýningum í nafni hópsins erlendis: Sýningarstjórnir orða það svo í kynningu sinni á sýningunni: „Sýningin NOKKRIR VINIR bregður ljósi á þann kaftula í íslenski listasögu þegar formræn list lét undan síga fyrir óformrænum gildum og öðrum viðhorfum sem tóku að banka

uppá með þunga uppúr miðri síðustu öld. Horft er til komu svissneska listamannsins Dieters Roth til landsins og þeirrar gerjunar er varð meðal nokkurra ungra listamanna um sama leyti sem þekktust vel og umgengust mikið. Gagnkvæm áhrif þessa fólks og áhrif á myndlistina í landinu verða í brennidepli sýningarinnar.

Verkin á sýningunni spanna tímabilið frá miðri síðustu öld fram á daginn í dag. Þau eru hátt í hundrað að tölu og á annað hundrað ef talið er eftir myndröðum undir sama númeri.“

Hér eru á ferðinni myndlistarmenn sem fóru fremstir í SUM: Verkin eru eftir Sigurjón Jóhannsson, Þórð Ben Sveinsson, Hrein Friðfinnsson, Jón Gunnar Árna-

son, Kristján Guðmundsson, Magnús Pálsson, Magnús Tómasson, Róska, Rúrí, Sigurð Guðmundsson, Arnar Herbertsson og Dieter Roth að viðbættum þeim Herði Ágústssyni sem sýndi þá í húsnæði SUM þótt hann væri af annarri kynslóð, Jóhanni Eyfells sem átti verk á sýningum Myndhöggvarafélagsins um miðjan sjöunda áratuginn sem tengdust SUM og einnig eru á sýningunni verk eftir þá Björn Roth og Erró sem voru af annarri kynslóð og tengdust SUM ekki.

Frólegt verður að sjá að verkin á sýningunni rekja framhaldið, upphaf í Vatnsstígnum og hvað svo varð þegar hópurinn hætti starfsemi og leystist upp í frumeindir sínar. Með þessu formi gefst gott



MYNDLIST Arfur Dieters Roth er kannaður í sýningu Listasafns Íslands. Myndin er eftir vin Dieters, Richard Hamilton.

tækifæri til að fá sémilegt yfirlit yfir stökkin og skrefin sem urðu í höpnum. Vaknar sú spurning hvers vegna safnið einblínir ekki á framgang SUM-ara frekar en að blanda saman jafn ólíkum elementum og Eyfells, Birni Roth og Erró.

Vakin er athygli á að á sýningunni verður eitt af nokkrum verkum sem Dieter Roth kallaði MATERIAL-myndir sem unnar eru af Roth-fjölskyldunni. Verkið hefur verið staðsett í Bryggjuhúsinu á Seyðisfirði þar sem það var unnið og kallað Bryggjuhúsvorkið. Byrjað var að vinna það árið 1991 og var það í smíðum í fjölmörg ár.

Sýningin verður opnuð í kvöld og verður opin til vors. **pbb@**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 13. febrúar

→ Vetrarhátíð

Vetrarhátíð 13. og 14. febrúar Dagskrá hátíðarinnar er afar fjölbreytt og allir viðburðir ókeypis. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.vevtrarahatid.is.

→ Tónleikar

16.00 Jól Pálsson, Þórir Baldursson og Einar Scheving verða með tónleika á Háskólatorgi við Sæmundargötu.

21.00 Hljómsveitirnar **Swords of Chaos, Faðirvor** og **Bárújárn** koma fram hjá Hemma & Valda, Laugavegi 21.

→ Opnanir

17.00 Kristín Svava Tómasdóttir opnar sýningu á listaverkum sem hún hefur valið úr Artóteki eftir ýmsa listamenn. Við opnunina mun hún stjórna ljóðagjöfningi. Artótek, Listhlaða í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu 15.

18.00 Innra rými - Harpa Dögg Kjartansdóttir opnar sýningu í lðu-húsinu við Lækjargötu.

19.00 Hugleikur Dagsson og Amanda Ríffo opna sýningar í Alliance Française við Tryggvagötu 8.



19.00 Kristján Davíðsson opnar sýningu í Íslensk Grafík, Tryggvagötu 17, (Hafnarmegin). Þar verður einnig opið verkstæði. Opið til kl. 24.

→ Dans

20.00 Danslistarskóli JSB sýnir dansverk í Kaaber-húsinu við Sæbraut.

→ Sýningar

17.00 Í Kaaber-húsinu við Sæbrautina verður opnuð sýning frístundamálara. Opið kl. 17-22.

Kvosin – vaggja leiklistar Sýning Leikminjasafnsins um gömlu leikhúsin í Kvosinni og þá sem þar komu mest við sögu. Opið kl. 9.-22. Fógetastofa, Aðalstræti 10.

→ Ljóð

20.00 Í Borgarbókasafni við Tryggvagötu verður ljóðaslamm undir yfirskriftinni „Hrollur“. Kynnir er Ragnheiður Eiríksdóttir.



→ Dagskrá

Í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu verður dagskrá milli kl. 19 og 24 þar sem listamenn segja frá sýningum sínum og boðið er upp á tónlistar- og dansatriði.

Í Þjóðarbókhöfðunni við Arngrímögötu verður dagskrá undir yfirskriftinni „Sjálfráð og ósjálfráð skrift“ kl. 19.30-22.30. Þar verður m.a. fjallað um sýningu um Harald Nielsson og sálarrannsóknir.

Á Kjarvalstöðum við Flókagötu milli kl. 19 og 24, verður dagskrá í tengslum við sýningarnar Kjarval - mynd af heild og Skálist.

Í Norræna húsinu við Sturlugötu verður dagskrá milli kl. 19 og 24 þar sem verður Draugaróstefna og tónleikar hljómsveitarinnar Reykjavíki!

Í Ásmundarsafni við Sigtún verður dagskrá milli kl. 20 og 24 þar sem boðið verður upp á tónlistaratriði með Amiina og leiðsögn um safnið og húsið.

Í Sjómínjasafninu við Grandagarð hefst dagskrá kl. 19. þar sem m.a. Svabbi sjóari

segir sögur, fluttir verða sjómannaöngvar og farið í varðskipið Öðinn.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettbladid.is



20% afsláttur af dömu undirfötum*

♥ ALENTÍNUSARDAGUR
14. febrúar

NÝTT
KORTATÍMABIL

*Gildir til sunnudags.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Gefa út fjóra diska

Plötusnúðarnir B-Ruff og Gísli Galdur hafa ákveðið að gefa út fjóra mix-diska með tveggja mánaða millibili. Veglegt parti fylgir hverri útgáfu sem verður haldið í höfuðstöðvum verslunarinnar Kronkron.

Fyrsti diskurinn hefur að geyma safaríka danstónlist og í tilefni útgáfunnar verður fyrsta partið haldið á laugardagskvöld. „Við ætlum að fylgja fólki inn í sumar með þetta og síðan endum við í september,“ segir B-Ruff. „Okkur langaði að léttu fólki lundina. Það er líka ákveðin hönnun fyrir „coverið“ og ef þú safnar öllum fjórum diskunum þá er seríu-form á þessu með mismunandi tónlistarstefnum.“ B-Ruff hvetur fólk til að mæta snemma í partíin vilji það



B-RUFF OG GÍSLI Plötusnúðarnir ætla að léttu fólki lundina á næstum mánuðum og halda uppi hörkustemningu.

tryggja sér eintök af diskunum, sem koma út í takmörkuðu upplagi. Stuðið á laugardag byrjar klukkan 21 og stendur yfir til 23.30.“ -fb

Grænlenst reggí til Íslands

Tónleikar grænlenstu reggí-popp-sveitarinnar Liima Inui verða lokaatriði Vetrahátíðar í Reykjavík á laugardagskvöld. Hljómsveitin þykir sérlega athyglisverð á sviði og er þekkt fyrir að ná upp magnaðri stemningu á tónleikum.

„Við erum mjög spennt,“ segir söngkonan Randi Broberg, sem kom síðast til Íslands fyrir fimm árum þegar grænlenst menning- arhátíð var haldin hér.

Liima Inui hefur gefið út tvær plötur í heimalandi sínu á fimmtán ára ferli og hlaut sú síðari sérlega góðar viðtökur. Sveitin er nokkuð óvenjuleg því hún blandar tilraunamennsku og rokki saman við reggíð og poppið. „Það eru margar hljómveitir á Grænlandi en okkar tónlist er frekar óhefð-

bundin,“ segir Randi. „Næsta plata verður líka mjög frábrugðin þeirri síðustu. Hún verður tilraunakenndari og rokkaðri því núna þurfum við ekki að hafa eins miklar áhyggjur því við erum þegar orðin vinsæl.“

Upptökur á plötunni hefjast á mánudag og að sögn Randi verður umfjöllunarefnið aukið sjálfstæði Grænlands.

Liima Inui spilaði í Tívolfinu í Kaupmannahöfn síðasta sumar og ætlar að endurtaka leikinn núna í sumar. Einnig er hljómsveitin að íhuga að byrja að syngja á ensku í von um að stækka aðdáendahóp sinn enn frekar.

Tónleikarnir á laugardag hefjast klukkan 22 og fara fram í Norræna húsinu. -fb



RANDI BROBERG Tónleikar Liima Inui í Norræna húsinu verða lokaatriði Vetrahátíðar í Reykjavík. MYND/LARS WITTENDORFF



SNÚA AFTUR Fred Durst og félagar í Limp Bizkit eru á leiðinni í tónleikaferð um heiminn. NORDICPHOTOS/GETTY

Limp Bizkit í tónleikaferð

Rokksveitin Limp Bizkit er á leiðinni í tónleikaferð um heiminn eftir nokkurra ára hlé. Allir fimm upprunalegir meðlimir hennar taka þátt í túrnum, þar á meðal Wes Borland sem hætti í sveitinni 2001, sneri aftur 2004 en hætti svo aftur.

„Þrátt fyrir að leiðir okkar hafi legið í mismunandi áttir vitum við að mikill og einstakur kraftur er í þessum hópi sem finnst hvergi annars staðar. Þess vegna er Limp Bizkit mætt aftur,“ sagði í yfirlýsingu frá sveitinni.

Tónleikaferðin hefst í austurhluta Evrópu í vor og eftir það er förinni heitið á þýsku hátíðirnar Rock Am Ring og Rock Im Park. Ný plata er einnig væntanleg en síðasta breiðskífa sveitarinnar kom út árið 2003. Meðal vinsælustu laga Limp Bizkit eru Nookie, Re-Arranged, Break Stuff og Rollin’.



REYKJAVÍK! Rokkarnir hressu halda útgáfutónleika í Norræna húsinu í kvöld.

Fjölbreyttir tónleikar

Hljómsveitin Reykjavík! efnir til útgáfutónleika í Norræna húsinu í kvöld til að kynna plötuna The Blood sem kom út fyrir jólin. Áður en rokkarnir stíga á svið mun Bergur Ebbi Benediktsson úr Sprengjuhöllinni flytja prósa- kennda útleggingu á verkum Reykjavíkur! og eftir það spilar ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost. Í hléi flytur Mr. Silla verk- ið Æji, plís og listakonurnar Inga María Brynjarsdóttir og Hrund Atladóttir frumflytja vídeóverk sitt. Arnljótur Sigurðsson kemur einnig fram. Norræna húsið opnar klukkan 23.30 og lýkur tónleikum klukkan tvö.

HH[®] WARM[™]

HELDUR MANNI ÞURRUM OG EXTRA HEITUM ÞEGAR KALT ER
MERINO ULL ÁSAMT LIFA[®] STAY DRY TECHNOLOGY[™]

lifa[®] STAY DRY TÆKNI/HÁMARKS RAKAFLUTNINGUR/MJÖG FLJÓTÞORNANDI/LÉTT/MJÚKT/ENDINGARGOTT/BAKTERÍUÞOLÍÐ/EKKI ÖN/EMISVALDANDI

NÝTT Í BIÓ LAUGARAS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

FANBOYS
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA
HOTEL FOR DOGS

POWERSYNING KL. 10:00

SYNINGARTÍMAR

FANBOYS	kl. 8 og 10:20	L
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA	kl. 4 og 6	L
HOTEL FOR DOGS	kl. 4 og 6	L
BRIDE WARS	kl. 8	L
MY BLOODY VALENTINE	kl. 10 - POWER	16
VILTU VINNA MILLJARD	kl. 3:30, 5:45, 8 og 10:20	12

FÖSTUDAGURINN 13. ER Í DAG

FRIDAY THE 13TH
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA
BENJAMIN BUTTON

HANN ELSKAR ATHYGLI

HANN ER VINSÆLL MEDAL KVENNA

Besta myndarsins

FRIDAY THE 13TH
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA
BENJAMIN BUTTON

SMÁRA BIÓ	ALFABAKKA	CHIHUAHUA	SELFOS
FRIDAY THE 13TH	kl. 5:50 - 8 - 10:20	kl. 6 - 8	TAKEN
FRIDAY THE 13TH	kl. 8 - 10:20	kl. 6 - 8	SKÓGARSTRÍÐ 2
CHIHUAHUA	kl. 3:40D - 5:50D	kl. 6 - 8	SEVEN POUNDS
CHIHUAHUA	kl. 10:20 Ath engin ísl. texti	kl. 6 - 8	UNDERWORLD 3
BENJAMIN BUTTON	kl. 6 - 9:10	kl. 6 - 8	AKUREYRI
HOTEL FOR DOGS	kl. 3:40 - 6	kl. 6 - 8	CHIHUAHUA
DOUBT	kl. 8	kl. 6 - 10	FRIDAY THE 13TH
DOUBT	kl. 3:40 - 5:50	kl. 6 - 10	ROLE MODELS
ROLE MODELS	kl. 8 - 10:10	kl. 6 - 10	BENJAMIN BUTTON
BEDTIME STORIES	kl. 3:40 - 5:50	kl. 6 - 10	KEFLAVÍK
ROCKNROLLA	kl. 10:20	kl. 6 - 10:20	CHIHUAHUA
CHANGELING	kl. 3:30	kl. 6 - 10:20	SLUMDOG MILLIONAIRE
YES MAN	kl. 8:10	kl. 6 - 10:20	SKÓGARSTRÍÐ 2
KRINGLUNNI		kl. 6 - 10:20	DOUBT
FRIDAY THE 13TH	kl. 6:10 - 8:20 - 10:30	kl. 6 - 10:20	UNDERWORLD
CHIHUAHUA	kl. 4D - 6D		
BENJAMIN BUTTON	kl. 3:50 - 7 - 10:10		
BLOODY VALENTINE-3D	kl. 8:20(3D) - 10:30(3D)		
BOLT 3-D	kl. 4(3D)		

NÝTT Í BIÓ!

FANBOYS
THE WRESTLER
FROST/NIXON

FRÖÐER GAMANMYND UM FIMM VINI SEM ÞRÍGJAST

5 ÓSKARS-TILMÆNINGAR

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

FANBOYS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
FANBOYS LÚXUS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
BRIDE WARS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
HOTEL FOR DOGS	kl. 3:40 - 5:45	L
VALKYRIE	kl. 8 - 10:30	12
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 3:45	L
VILTU VINNA MILLJARD	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BIÓ	kl. 4	5%

REGNBÓGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

ÓDÝRT Í BIÓ!

VALKYRIE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
BRIDE WARS	kl. 6 - 8 - 10	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 5:30 - 8	12
TAKEN	kl. 10:30	12
AUSTRALIA	kl. 6	12
UNDERWORLD 3	kl. 10	16

HÁSKÓLA BIÓ Sími 530 1919

THE WRESTLER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14
FROST/NIXON	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
VICKY CRISTINA BARCELONA	kl. 5:50 - 8 - 10:10	14
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30 - 8	L
HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 10 FÖRSÝNING	L

BORGAR BIÓ Sími 462 3500

BRIDE WARS	kl. 8 - 10	L
REVOLUTIONARY ROAD	kl. 8 - 10:10	12
SKÓGARSTRÍÐ 2	kl. 6	L
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 6	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BIÓMÍÐANN A **mid.is**

Gerði tónlist fyrir humarsúpu

Tónlistarmaðurinn 7oi fékk óvænta kynningu á veitingahúsum í Japan.



TÖLVUSPILUÐ HUMARSÚPUTÓNLIST 7oi losnar við söngfælnina á nýju plötunni.

Ný plata með tónlistarmanninum 7oi (Jóhann Friðgeir Jóhannsson), Don't Push The Rocks In My Face, er komin út. Þetta er fimmta platan hans, en hinar voru heimaþingur sem vöktu athygli í ýmsum afkömum.

Meðal þeirra sem kveiktu á tónlistinni var Íslandsvinurinn Yuka Ogura sem komið hefur á ófáar Airwaves og er öðrum duglegri að koma íslenskri tónlist á framfæri í Japan. Í gegnum hana var tónlist Jóhanns notuð í fimmtíu útibúum súpuveitingahússins Soup Stock Tokyo í Japan. „Kedjan var víst að byrja með íslenska humarsúpu á matseðlinum og þeir vildu fá íslenska tónlist af því tilefni. Ég var látinn búa til klukkutíma af tónlist sem síðan gekk í lúppu á þessum stöðum,“ segir Jóhann.

Hann segir þetta tækifæri hafa verið góða hvatningu til að klára nýju plötuna og hann hefur þegar

selt slatta af henni til Japans.

Jóhann ólst upp á Ísafirði. Hann hefur fengist við tónlistarskópun síðan hann fékk fyrstu tölvuna sína á unglingsaldri og klárar tónsmíðanám frá LHÍ í vor. Nýja platan er fjölbreytt en lögin eiga það sameiginlegt að vera lág-

stemmd. Þá syngur Jóhann nú í fyrsta skipti á plötum sínum. „Ég ákvað bara að losa mig lokans við söngfælnina. Fólk getur til dæmis hlustað á lagið „Bad Times were enjoyed by all“ og róað sig aðeins á þessu kreppudrama í smá stund.“

Dáleiðandi plata

Hljómsveitin Evil Madness vakti mikla athygli fyrir fyrstu plötuna sína, Demon Jukebox. Það var mikið og glæsilegt hávaðaverk, á köflum ofsafengið. Demoni Paradiso sem fylgir djúkböxunni eftir er hins vegar allt annarrar náttúru. Hér eru þeir BJ Nilzen, Helgi Þórsson, Jóhann Jóhannsson, Pétur Eyvindsson og Sigtrygg Berg Sigmarsson komnir út í stemningsfulla og dáleiðandi raftónlist. Í staðinn fyrir hávaðann og lætin eru að stórum hluta komnar sveimkenndar endurtekingar og hæg stígandi.

Það er retró-stemning yfir plötunni, enda er tónlistin að stórum hluta unnin á gamla hljóðgervla. Kraut-rokk, b-myndatónlist og gamalt syntapopp koma upp í hugann og eins minna sum lögin (t.d. Dipendenza da Viaggio nel Tempo og Straniero Nalla Mia Casa) á samvinnuverkefni þeirra Brian Eno og Roberts Fripp. Lögin eru öll án söngs og tónlistin er mjög myndræn þannig að þessi þrettán laga, ríflega sjötíu mínútna diskur virkar svoltið eins og skemmtilegt ferðalag í tíma og rúmi. Það má svo bæta því við



TÓNLIST
Demoni Paradiso
 Evil Madness

★★★★
 Kraut-rokk, b-myndatónlist og gamalt syntapopp eru á meðal þess sem kemur upp í hugann þegar hlustað er á Demoni Paradiso.

.....
 að eins og á fyrri plötunni er plötuumslagagið sérstaklega flott sem ekki kemur á óvart hjá hljómsveit sem hefur jafn marga myndlistarmenn innanborðs.

Trausti Júlíusson

Rokkdúett kveður Conan

Rokkdúettinn The White Stripes fær þann heiður að verða síðasta hljómsveitin til að spila í kvöldþætti Conans O'Brien áður en hann hættir göngu sinni 20. febrúar. Í framhaldinu mun Conan taka við þætti Jay Leno, Tonight Show. White Stripes hefur margoft spilað hjá Conan, þar á meðal í heila viku samfleytt árið 2003. Einnig spiluðu þau Jack og Meg tvö lög í einum þætti til að kynna plötuna Icky Thump. Þetta verður í fyrsta sinn síðan sumarið 2007 sem The White Stripes spilar opinberlega og er það enn frekari ástæða fyrir aðeindur sveitarinnar til að fylgjast með þættinum.



THE WHITE STRIPES
 Rokkdúettinn spilar í síðasta kvöldþætti Conans O'Brien 20. febrúar.

Heimsdagur barna á Vetrarhátíð

Vetrarhátíð í Reykjavík

Meningarmiðstöðinni Gerðubergi og félagsmiðstöðinni Miðbergi, laugardaginn 14. febrúar kl. 13.00-17.00

Verið velkomin á Heimsdag barna!
 Listsmiðjur tengdar litríkra menningu ýmissa þjóða standa frá 13.00-16.00. Í lokin frá kl. 16.00-17.00 verður boðið upp á skemmtidagskrá og fjörukt salsaball í A-sal á efri hæð Gerðubergs.

LISTSMÍÐJUR:

GERÐUBERG - EFRI HÆÐ	GERÐUBERG - NEDRI HÆÐ	MIDBERG
